

LJÓSMÆÐRABLAÐIÐ



Tímarit Ljósmeðrafélags Íslands 1. tbl. 87. árg. Júlí 2009
– Journal of the Icelandic Midwives Association –



Ljósmeðrafélag Íslands 90 ára

Geta pabbar ekki grátið? | Börn fæðast líka úti á landi

ALSO námskeið | Þórdísarsjóður | Lokaverkefni ljósmeðranema 2009

Stíflað nef?

Nofiað Otri-Baby-aðferðina til þess að losa um stíflað nef hjá kornabörnum og börnum allt að tveggja ára



Otri-Baby-aðferðin

1. skref. Nasir barnsins eru vættar með Otrisal saltvatnsúða þannig að slímið losnar

Þegar nasirnar eru skolaðar með saltvatni leysist slímið upp og losnar. Það má nota Otrisal nefúða á kornabörn og börn allt að tveggja ára. Stundum er nóg að skola nefið til þess að stíflan hverfi og barnið geti andað hindrunarlaust á ný.

2. skref. Fjarlægðu slímið úr nefinu svo barnið geti andað óhindrað

Að lokinni skolun getur verið nokkurt slím eftir í nösnum kornabarnsins. Best er að fjarlægja það með Otri-Baby nefsgugu. Otri-Baby nefsgugan er auðveld og einföld í notkun og hreinsar slím úr nösnum af nærgætni.

Úrval í Otri-Baby vörulínunni

- Otrisal® nefúði með saltvatni
- Otri-Baby® nefsguga
- Otri-Baby® einnota sía í nefsgugu

Otri-Baby™



Ljósmaðrablaðið gefið út af
Ljósmaðrafélagi Íslands
Borgartúni 6, 105 Reykjavík
Sími: 564 6099 Fax: 588 9239
Netfang: lmfi@ljosmaedrafelag.is
Heimasíða: www.ljosmaedrafelag.is/felag

Ábyrgðarmaður
Guðlaug Einarsdóttir
formadur@ljosmaedrafelag.is
formaður LMFÍ

Ritnefnd
Bergrún Svava Jónsdóttir, ritstjóri,
S. 696 0888 bergrunjons@hotmail.com
Valgerður Lísa Sigurðardóttir,
valgerds@landspitali.is
Hrafnhildur Ólafsdóttir,
hrafno@internet.is

Ritstjórn fræðilegs efnis
Ólöf Ásta Ólafsdóttir,
olofol@hi.is
Helga Gottfreðsdóttir,
helgagot@hi.is
Sigríður Inga Karlsdóttir,
inga@unak.is

Myndir
Anna Sigríður Vernharðsdóttir
Guðlaug Einarsdóttir
Guðrún Gunnlaugsdóttir
Jenný Inga Eiðsdóttir
Sigrún Kristjánsdóttir
Svanborg Egilsdóttir
o.fl.

Auglýsingar
Markfell ehf.

Umbrot og prentvinnsla
Stafræna prentsmiðjan

Ljósmaðrablaðið er opinbert tímarit Ljósmaðrafélags Íslands og er öllum ljósmaðrum heimilt að senda efni í blaðið. Greinar sem birtast í blaðinu eru alfarið á ábyrgð greinahöfunda og endurspeгла ekki endilega viðhorf ritstjóra, ritnefndar eða Ljósmaðrafélagsins. Það er stefna ritnefndar að a.m.k. ein ritrýnd grein sé í blaðinu hverju sinni og hún áskilur sér rétt til að hafna greinum sem eru málefnum ljósmaðra óviðkomandi. Gert er ráð fyrir að blaðið komi út í maí og nóvember ár hvert. Skilafrestur er í samráði við ritnefnd og skal efni berast á tölvutæku formi.

Forsíða
Mynd úr eigu Ljósmaðrafélags Íslands,
Ólafur Oddson.

ISSN nr: 1670-2670

Efnisyfirlit

- 4 Ritstjórapistill
- 5 Formannspistill
- 6 Geta pabbar ekki grátið
Guðrún Gunnlaugsdóttir
- 14 Af margkunnugum konum
Auður Ingvarsdóttir
- 16 Börn fæðast líka úti á landi
- 18 Ljós móðurfræði í ólíkum menningarheimum
- 21 Fréttir úr félagsstarfi
- 25 Heiðursfélagar í Ljósmaðrafélagi Íslands
- 28 Þórdísarsjóður
- 30 ALSO námskeið - í fyrsta sinn á Íslandi
- 31 Minning
Hjördís Karlsdóttir og Krístrún Bóasdóttir
- 33 Oddrún - Félag ljósmaðranema
- 34 Lokaverkefni ljósmaðranema 2009
- 37 Stjórn og nefndir LMFÍ 2009-2010
- 38 Að láta draumana rætast
Patrycja Wodowska
- 39 Lausnarsteinar: Ljós móðurfræði og Ljós móðurlist

Ritstjórapistill

Þann 2. maí s.l. var haldið upp á að 90 ár voru liðin frá því að 20 ljósmæður í Reykjavík komu saman og ræddu nauðsyn þess að íslenskar ljósmæður stofnuðu með sér félag til að standa vörð um hagsmuni stéttarinnar. Mikill baráttuandi var með þessum konum og hefur verið litið á þennan fund þeirra, 2. maí 1919, sem stofnfund Ljósmæðrafélags Íslands. Þær konur sem komu að stofnun þessa fyrsta stéttarfélags faglærðra kvenna á Íslandi, voru án efa miklir skörungar og með þuríði Bárðardóttur í broddi fylkingar ruddu þær brautina fyrir íslenskar ljósmæður. Árið 1919 voru aðstæður á Íslandi með allt öðrum hætti en við þekkjum í dag en þó hafa baráttumálin ótrúlega lítið breyst. Þá þegar voru menntun og þjálfun ljósmæðra ofarlega á baugi að ógleymdri launa- og kjarabaráttu. Enn eru uppi kröfur um laun í samræmi við ábyrgð og þó að mikill áfangasigur hafi náðst í þeirri miklu kjarabaráttu sem háð var s.l. haust er langur vegur frá því að ljósmæður geti lagt árar í bát og látið gott heita. Hefur kjaranefnd félagsins haft nóg á sinni könnu og staðið í ströngu við að standa vörð um kjör stéttarinnar. Nú á þeim umbrotatímum sem við lifum er sem aldrei fyrr mikilvægt að hafa fagmennsku í hávegum og að sýna fram á, svo að ekki verði um villst hve þjónusta ljósmæðra er í raun þjóðhagslega hagkvæm. Þ.e. með góðri og faglegri mæðravernd, fæðing- arþjónustu og umönnun sængurkvenna sé hægt að fyrirbyggja mörg vandamál eða þá greina vandann á frumstigi. Þegar félagið okkar var stofnað fæddu nær allar konur í heimahúsum en nú, 90 árum síðar, eiga langflestar fæðingar sér stað innan veggja sjúkrahúsa. Það er engum blöðum um það að fletta að það er mjög dýrt fyrir “ríkið” að beina öllum konum, t.d. á höfuðborgarsvæðinu, á hátækni-sjúkrahús til að fæða. Valkostirnir eru engir fyrir þær konur sem ekki kjósa að fæða heima. En nú er sennilega ekki rétti tíminn til að stofna fæðingarheimili því að stofnkostnaður er mikill, en hver veit? Kannski er þetta einmitt rétti tíminn, við finnum hvað grásrótarsamtök eru sterk núna, fólk er að leita mikið inn á við



Bergún Svava Jónsdóttir
ritstjóri Ljósmæðrablaðsins

og til baka. Það vill fjarlægjast þá firringu og þann hraða sem var til staðar í samfélaginu. Kannski má segja að nú sé lag....

Það þarf ekki að fara langt aftur í tíma til að koma auga á vinnulag og hefðir sem þóttu góð og gild á sínum tíma en stinga í stúf við þann hátt sem við viljum hafa á málum í dag. Um það fjallar m.a. grein Guðrúnar Gunnlaugsdóttur, ljósmóðurnema er finna má í þessu blaði. Þar kemur fram að breytingar hafa orðið á viðhorfi bæði almennings og fagfólks á missi, og tel ég að fullyrða megji að þær breytingar hafa verið til góðs. En ekki eru allar breytingar til góðs og nú í upphafi árs komu fram hugmyndir þáverandi heilbrigðisráðherra um töluverðar breytingar á þjónustu barnshafandi kvenna til handa. Þeim áformum hefur verið slegið á frest um sinn en mikilvægt er að ljósmæður sofni aldrei á verðinum og standi ákveðnar vörð um þá faglegu þjónustu sem okkur er ljúft og skylt að veita konum og fjölskyldum þeirra. Veita Svanborg Egilsdóttir og Jenný Inga Eiðsdóttir okkur örlitla innsýn í pistlum sínum inn í það vinnuumhverfi sem þær starfa í, en svo virðist vera sem að þjónustan úti á landi liggi ótrúlega oft vel við höggi þegar niðurskurðarhnífnum er sveiflað. Á tímamótum er algengt að litið sé um öxl og fortíðin skoðuð. Blaðinu barst athyglisverð grein eftir Auði Ingvarsdóttur, sagnfræðing, þar

sem hún fjallar um margkunnugar konur. Víst er að konur hafa aðstoðað hvor aðra við fæðingar barna sinna alla tíð og er athyglisvert að sjá hvaða ráðum þær réðu yfir fyrr á tímum. Kröfur nútímans kalla á fleiri úrræði en þær höfðu yfir að ráða og eru ljósmæður dagsins í dag duglegar við að sækja endur- og símenntunarnám-skeið. Also-námskeið var haldið í fyrsta sinn á Íslandi í maí og er sagt frá því námskeiði á síðum blaðsins.

Í tengslum við afmælið stóð félagið fyrir ráðstefnu, bókaútgáfu, hátíðaraðal-fundi og veglegri afmælishátíð. Það er því ljóst að ljósmæðrum er fleira til lista lagt en að sinna hefðbundnum ljósmæðrastörfum. Við gerum þessum viðburðum góð skil í blaðinu.

Glögggt er gests augað segir máltækið og það hlýtur að vera jákvætt fyrir hverja stétt að láta nýja og ferska vinda streyma yfir sviðið öðru hvoru. Ljósmæður hafa í gegnum tíðina verið opnar fyrir nýjungum og tekið nýjum hugmyndum með opnum hug. En sumir þurfa að hafa meira fyrir hlutunum en aðrir og í pistli sínum segir Patrycja Wodkowska okkur frá leið sinni frá Póllandi að íslensku ljósmæðraleysi en var sú leið þyrnum stráð.

Ef þuríður Bárðardóttir og stöllur hennar frá stofnfundi Ljósmæðrafélags Íslands gætu fylgst með stöðu stéttarinnar og framgöngu félagsins í dag myndu þær vonandi segja að við höfum gengið veginn til góðs.

Fyrir hönd ritnefndar sendi ég félagsmönnum sumarkveðju og vona að þið njótið blaðsins

Nú eru góð ráð (ó)dýr

Það er ólíklegt að þær 20 ljósmæður sem komu saman þann 2. maí 1919, hafi gert sér grein fyrir að 90 árum síðar væri enn haldið upp á þennan fund þeirra, stofnfund Ljósmæðrafélags Íslands. Stórhuga konur, flestar nýtskrifaðar ljósmæður, sem brutu blað í langri sögu íslenskra ljósmæðra. Og svo sannarlega hafa ljósmæður haldið veglega upp á þetta merkisafmæli með bókarútgáfu, ráðstefnu, hátíðarkvöldverði og hátíðaraðalfundi og við erum ekki hættar. Mikil gróska er í fagmálum ljósmæðra sem glögglega mátti heyra á afmælisráðstefnunni. Það er engan bilbug að finna á ljósmæðrum þrátt fyrir að hinir efnahagslegu himnar hrynji yfir okkur. Okkar fagmennska er nefnilega ekki kostnaðarsöm og vafalaust með bestu fjárfestingum sem heilbrigðiskerfið getur gert því störf okkar og faglegu áherslur spara peninga. Ljósmæður eru sammála um að við bíðum ekki eftir að aðrir segi okkur hvernig við getum hagrætt í okkar starfi á niðurskurðartímum, heldur er það heillavænlegra að leggja sjálfar fram hugmyndir að faglegri hagræðingu sem stendur vörð um þá grunnheilbrigðisþjónustu sem barneignarþjónusta er. Þær fjölmörgu hugmyndir sem fram komu á afmælisráðstefnunni og eru nú komnar á aðgerðarlista ljósmæðra, miða allar að



Guðlaug Einarsdóttir
formaður Ljósmæðrafélags Íslands

ódyrara, aðgengilegra og faglegara heilbrigðiskerfi.

Kannski eru sparnaðartímar jafnvel bestí jarðvegur ljósmóðurfæðinnar sem hefur þann einlæga og kostnaðarlitla kjarna að standa vörð um eðlilegt barn eignarferli af fagmennsku og hugsjón. Þó ekki viðri til kauphækkana er fagstyrking stéttarinnar jafnvel trygging á framtíðar atvinnu. Þetta á sérstaklega við á landsbyggðinni þar sem illa ígrundaður sparnaður gæti hæglega snúist upp í andhverfu sína ef hann er gerður af vanþekkingu á barneignarþjónustu. Það er dýrt að spara grunnheilbrigðisþjón-

ustu eins og ljósmæðraþjónustu. Nýlegt dæmi um sjúkraflug með barnshafandi konu sem ljósmóðir hefði hæglega getað úrskurðað heilbrigða (hefði ljósmóðir verið tiltæk), sannar enn einu sinni að ljósmóðurleysi er gífurlega dýrt fyrir byggðir landsins. Ágætt enskt spakmæli á hér vel við: So you think education is expensive – try ignorance!

Ljósmæður munu standa vörð um grunnheilbrigðisþjónustu og vera ráðgefandi fyrir heilbrigðisfyrirvöld um faglega hagræðingu enda tilkynnti heilbrigðisráðherra þá ákvörðun sína á hátíðaraðalfundi félagsins að verða við þeirri beiðni Ljósmæðrafélagsins að hefja samvinnu um stefnumótun í barn eignarþjónustu.

Hvenær brýtur maður blað og hvenær brýtur maður ekki blað? Það fær tíminn kannski helst útkljáð en ákvörðun hvers og eins og sömuleiðis ljósmæðrastéttarinnar í heild, hlýtur að vera þungamiðjan í því hvort ljósmæður munu nú brjóta blað í þróun barneignarþjónustu hér á landi, þrátt fyrir efnahagsþrengingar eða kannski einmitt vegna þess að nú hafa heilbrigðisfyrirvöld ekki efni á öðru en að hlusta á okkur.

Nú eru góð ráð ekki dýr – heldur einmitt mjög ódýr.



Geta pabbar ekki grátið

– andvana fæðingar og stuðningur við foreldra

Ég tileinka þessa ritgerð foreldrum mínum og systur, systur sem ég aldrei fékk að kynnst en sakna samt að eiga ekki í dag. Í virðingarskyni hef ég látið útbúa minningaskjöld til að merkja leiðið hennar sem hefur verið ómerkt í 38 ár.

ÓSKÍRD GUNNLAUGSDÓTTIR

FÆDD ANDVANA 5 JÚNÍ 1970

GLEYM MÉR EI.

*Er faðir barna og blóma
gaf blómi hverju nafn
þau gengu glöð í burtu
á guðs síns mikla safn.
Til baka kom ein bláeyg,
svo blíð og yndisleg,
og sagði; „Guð ég gleymdi,
ó Guð hvað heiti ég?“
Þá brosti faðir blóma
sem barn í morgunþey
og sól í sumarljóma
og sagði –
„Gleym mér ei.“*

(Höf. ókunnur)

Tilgangur þessarar ritgerðar sem unnin var í námskeiðinu „Inngangur í ljósmóðurfræði“ var að skoða upplifun foreldra af að fæða andvana barn, og þær breytingar sem orðið hafa á viðhorfi og umönnun til foreldra í sorg. Á árum áður var lítill sem enginn stuðningur við foreldra sem fæddu andvana barn. Þá var litið á þetta sem „atburð sem ekki var“. Feðrum var oftast bannað að vera viðstaddir andvana fæðingar og reynt var að hlífa foreldrum við sorginni með því að tala sem minnst um atburðinn. Það eru ekki mörg ár síðan talið var óviðeigandi fyrir mæður að syrgja vegna látinna barna sinna og ekki var minnst á sorg feðra. Feður upplifa samskonar sorgareinkenni og mæður, en venjulega sýna mæður sterkari þjáningareinkenni. Karlmenn eiga oft erfitt með að sýna sorg sína með tálum, en



Höfundur:

Guðrún Gunnlaugsdóttir;
Nemi á 2. ári í ljósmóðurfræði

hafa líkt og mæður mikla þörf fyrir að syrgja. Ljósmóðirin er í lykilhlutverki til að sinna foreldrunum í sorg og þarf hún að geta sýnt foreldrum mikinn stuðning, hlýju og nærveru. Það er nærveran sem er eins og rauður þráður í gegnum allt starf ljósmóðurinnar.

Inngangur

Einn erfiðasti missir sem nokkur manneskja getur upplifað er að missa barn, sama á hvaða aldri það er, og þar er andvana barnsfæðing engin undantekning. Við getum aldrei verið undirbúin fyrir þannig harmleik, og slíkur missir getur kallað fram margvíslegar tilfinningar. Sorgin er breytileg frá manni til manns, hún er eðlileg viðbrögð sem manneskjan þarf að ganga í gegnum til þess að aðlagast breyttum aðstæðum í lífi sínu í kjölfar missis. Þegar foreldrar eignast andvana barn, upplifa þá báðir foreldrarnir sorgina eins? Hafa viðhorf til aukinnar þátttöku feðra í sorginni breyst í takt við aukna þátttöku þeirra í barneignarferlinu? Geta pabbar ekki grátið? Eða þjást þeir í þögn?

Þessum spurningum verður leitast við að svara í þessari ritgerð og fjallað verður um rannsóknir sem gerðar hafa verið á þessu efni. Tilgangur þessa verkefnis er að skoða upplifun foreldra

við andvana fæðingu og þá líka út frá sögulegu ljósi, hvernig og hvaða breytingar hafa orðið á síðustu áratugum. Horfi ég þá sértaklega til ársins 1970 og til dagsins í dag, en 5. júní það ár eignuðust foreldrar mínir sem nú eru látin, sitt sjöunda barn, fullburða andvana stúlkubarn. Þá var umönnun og stuðningur til foreldra lítill sem enginn, móðir mín var flutt á sængurkvennagang án þess að fá að sjá barnið, lá hún þar ásamt öðrum konum sem höfðu fætt lifandi börn. Stúlkan fékk ekki nafn eins og nú tíðkast, hún var síðan jörðuð hjá afa sínum og hennar hvergi minnst, hvorki á legsteini né í ættarbókum, aðeins skrifuð á fæðingarskýrslu.

Skilgreining á andvana fæðingu

Í töflum Hagstofu Íslands eru andvana fædd börn þau börn sem koma í heiminn án lífsmarks eftir a.m.k. 28 vikna meðgöngu. Stytttri meðganga telst fósturlát. Þetta viðmið er það sem hefur verið notað í töflum alþjóðastofnana á borð við Sameinuðu þjóðirnar. Á síðustu árum hafa mörkin milli fósturláts og andvana fæðinga verið færð niður í 22 vikur í sumum löndum (Hagstofa Íslands, 2008.). Alþjóða heilbrigðismálastofnunin (WHO) miðar við 22 vikna meðgöngu eða 500 gr. þýngd, ef meðgöngulengdin er ekki þekkt (Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Guðrún Garðarsdóttir, Alexander K. Smáráson og Gestur I. Pálsson, 2006). Fæðingarstofnanir á Íslandi hafa allt frá árinu 1992 miðað andvana fæðingu vera eftir 22. viku meðgöngu og er það skilgreining sem finna má í 12. grein laga um fæðingar- og foreldraorlof nr. 95/2000 (Hagstofa Íslands, 2008.).

Andvana fæðingar í sögulegu ljósi

Það má segja að dauðinn hafi verið nær fólki fyrir á öldum hér á landi en nú er, þó svo að lítið hafi verið rætt um þess konar reynslu í samfélagi okkar. Frá upphafi 19. aldar var prestum falið að



safna skýrslum um andvana fædd börn frá ljósmæðrum og senda þær til biskupa. Upplýsingar um fjölda andvana fæðinga hafa verið til frá og með 1804, en árleg manntöl presta lögðust af með tilkomu þjóðskrár árið 1952. Hafa þessar upplýsingar síðan fengist úr fæðingaskýrslum og verið færðar inn í þjóðskrá (Hagstofa Íslands, 2008).

Fyrir um 30 árum var horft á andvana fæðingu sem „atburð sem ekki var“. Þá þótti betra að reyna að vernda foreldrana frá sorginni með því að koma í veg fyrir tengingu þess við barnið. Venjulega var feðrum bannað að vera viðstaddir andvana fæðingu. Móðurinni var oftast gefið róandi lyf undir lok fæðingarinnar og var það gert til að róa og verkjastilla konuna og þegar búið var að skilja á milli móður og barns var farið með barnið af fæðingastofunni og foreldrum ekki gefin kostur á að sjá barnið (Samuelsson, Rådestad og Segesten, 2001; Gold, Dalton og Schwenk, 2007). Börnin voru síðan jörðuð jafnvel með ókunnu fólki og yfirleitt var barninu ekki gefið nafn. Reynt var að hlífa foreldrum andvana barna við sorginni með því að tala sem minnst um atburðinn og skilaboðin voru á þá leið að þetta skipti ekki máli. Jafnvel viðhorf eins og að „þetta hafi nú eiginlega ekki verið barn“ voru allvíða til í samfélaginu

(Bragi Skúlason, 2001).

Kona nokkur eignaðist andvana barn. Henni var ráðlagt að sjá ekki barnið. Barnið var síðan lagt í kistu með einhverjum, sem hún þekkti ekki. Hún gat aldrei gleymt þessu barni. Samt átti hún fimm heilbrigð börn. Tuttugu árum síðar vildi hún fá að vita hvar barnið hvíldi. Eftir nokkra eftirgrennslna fann hún leiðið. Hún vildi fá að merkja leiðið, en ættingjar þess fullorðna, sem barnið hvíldi hjá, voru á móti því. Hún fer enn að leiðinu og dvelur þar langdvölum. Maðurinn hennar hefur leitað álits geðlæknis (Bragi Skúlason 1992, bls. 50).

Það eru ekki mörg ár síðan talið var óviðeigandi fyrir mæður að syrgja vegna látinna barna og ekki var minnst á sorg feðra. Það er á síðustu 15 – 20 árum að viðurkennt hefur verið mikilvægi þess að syrgja til að fyrirbyggja vanlíðan þegar til lengri tíma er litið (Henderson og Macdonald, 2004). Elstu útgefna heimildir sem tengjast þessu efni er úr lækisfræði í kringum 1950. Þar er talað um að móðurinni hafi verið sýnd ákveðin samúð með mildu viðmóti fagfólks en hún hvött til að leggja missirinn til hliðar, hugsa ekki um hann heldur reyna að eignast annað barn. Önnur eldri heimild segir frá sálfræðingi sem hafði orðið mjög hissa þegar

kona sem kemur til hans í sálfræðimeðferð segir honum að hún hafi fundið til sömu vanlíðunar þegar hún fæddi andvana barn sitt og þegar móðir hennar lést. Í þessum sömu heimildum er ekkert fjallað um feður og litið var á þeirra hlutverk sem „sá sterki“ í sambandinu. Makinn átti að vera stuðningsaðili fyrir konuna og hjálpa henni við að ná bata (Badenhorst og Huges, 2007). Það var í kringum 1970 að fyrstu rannsóknir litu dagsins ljós varðandi andlega líðan mæðra í kjölfar andvana fæðinga og sálfræðileg áhrif þess á líðan þeirra. Það var ekki fyrr en mörgum árum síðar að farið var að líta á líðan feðra eftir slíkt áfall (Badenhorst, Riches, Turton og Huges, 2006).

Sorg og upplifun foreldra

Það er engin ein leið rétt til að syrgja. Upplifun og viðbrögð við missi getur ráðist af ýmsum þáttum, eins og hvort um sé að ræða móður eða föður, skilning þeirra á missi, aldri foreldra og menningu. Einnig persónulegri hæfni til að takast á við missinn og því stuðningsneti sem í kringum foreldrana eru. Það veltur líka á andlegum og trúarlegum þáttum þeirra sem syrgja (Callister, 2006). Bragi Skúlason prestur (1992) bendir á að fyrir þann sem missir, þá er sú sorg sem hann/hún upplifir sú mesta



sem hann/hún getur ímyndað sér.

Elisabeth Kubler Ross einn af merkilegri geðlæknum síðari ára setti fram 5 mismunandi stig sorgar sem syrgjandi gengur í gegnum á sorgarferli sínum. Nær væri þó að tala um flæði tilfinninga, sem minnir á sjávarföll þar sem skiptast á flóð og fjara. M.ö.o. syrgjandinn sveiflast á milli vona og vonbrigða. Stigin eru:

- Afneitunarstig
- Reiðistig
- Örvæntingarstig
- Samningsstig
- Viðurkenning-Sáttarstig

Að mati Kübler-Ross geta þessi mismunandi stig sorgar komið öðru hvoru, þau geta skarast en ganga ekki eftir ákveðnu mynstri. Vonin gengur eins og rauður þráður í gegnum allan sorgarferilinn að hennar mati, en kann að breytast á mismunandi stigum sorgarinnar (Kübler-Ross, 1969). Fyrir foreldra er það fæða andvana barn mikið áfall, þeir hafa ekki einungis misst barnið sitt heldur einnig þá framtíð sem fyrirsjáanleg var með barninu. Þótt barnið sé látið þá lifir minning þess alltaf hjá foreldrunum. Sorgarvinnan er mikilvæg til að vinna úr sárustu tilfinningum og fyrir foreldrana til að halda áfram lífinu, en barnið gleymist þó aldrei (Bragi Skúlason, 1990). Lífið eftir missinn verður aldrei eins vegna þeirrar reynslu sem foreldrarnir ganga í gegnum, en lífið heldur

áfram. Þetta er áfall sem flest allir eru lengi að ná sér af og fæstir ná sér nokkurn tímann að fullu (Worth, 1997). Tilfinningaleg viðbrögð foreldra getur verið ótti við sorgarferlið, ótti við framtíðina, vonbrigði, sorg, reiði, sjálfsvorkunn, félagsleg einangrun, hjálparleysi og ásökun (Pairman, Pincombe, Thorogood og Tracy, 2006).

Tilfinningarnar reiði eru oft mjög óvæntar og erfiðar að eiga við. Feður og mæður geta fundið fyrir reiði vegna missis barns og beinist þá reiðin gjarnan að læknum eða ljósmæðrum fyrir það að hafa ekki uppgötvað vandamálið sem varð til þess að barnið lést. Reiðin getur beinst að æðri máttarvöldum fyrir að hafa látið þetta gerast og jafnvel getur reiðin beinst að barninu sjálfu fyrir að hafa ekki lifað og fyrir það að yfirgefa foreldra sína (Henderson og Macdonald, 2004). Það er eðlilegt að vera mjög dapur, reiður og jafnvel að hafa sektarkennd. Margir foreldrar eru að burðast með mikla sektarkennd sérstaklegar ef þau í upphafi hafa haft blendnar tilfinningar varðandi það að verða foreldrar. Foreldrarnir leita líka oft svara og spyrja sig erfiðra spurninga eins og „hvað gerði ég rangt?“ „Hvað ef ég hefði ekki ...?“ „Hefði þetta þá ekki gerst? (Henderson og Macdonald, 2004).

Í rannsókn sem birtist í Family Relations 1992 og gerð var af Stinson, Lasker, Lohmann og Toedter var borin saman styrkur sorgarviðbragða móður

og föður eftir andvana fæðingu. Sorgarskali vegna burðarmálsdauða „The Perinatal Grief Scale“ (P.G.S.) var notaður til að meta niðurstöður. Á þeim skala var litið til viðbragða foreldra í:

1. Virkri sorg, þ.e. grátur og hugsanir um barnið
2. Erfiðleika við einbeitingu
3. Örvænting
4. Annríki
5. Ótti
6. Sektarkennd
7. Skortur á lausnum
8. Vantrú /efi
9. Reiði
10. Einmanaleiki
11. Leiði og depurð

Viðtölin voru gerð heima hjá foreldrunum tveim mánuðum eftir að andvana fæðing hafði átt sér stað og aftur einu og tveimur árum síðar. Í fyrstu umferð voru það 56 pör sem tóku þátt, ári síðar voru það 37 pör og að tveim árum liðnum voru 36 pör enn með í rannsókninni. Í þessari rannsókn kom í ljós að konurnar skoruðu áberandi hærri stig í öllum þáttum sorgarskalans í fyrstu umferð þ.e. tveim mánuðum eftir missinn. En í annari og þriðju umferð þ.e. einu og tveimur árum síðar var ekki marktækur munur á milli kynjanna. Niðurstaða rannsóknarinnar voru því á þá leið að konur létu í ljós meiri sorgarviðbrögð í byrjun en þau dvínuðu þegar á leið á meðan karlmennirnir skoruðu næstum jafn mörg stig á sorgarskal-

anum að tveim mánuðum liðnum og einu og tveimur árum síðar, og voru þá að meðaltali með svipaðan stigafjölda og eiginkonurnar (Stinson, Lasker, Lohmann og Toedter, 1992). Meðganga er í flestum tilfellum tími tilhlökkunar og margir foreldrar, sérstaklega mæður tengjast barninu sterkum böndum strax í móðurkviði.

„Hann varð sonur minn um leið og ég vissi að ég gekk með barni“ (Callister, 2006). Það má líka segja að með tilkomu aukinnar tækni þ.e.a.s. eftir að byrjað var að sónarskoða konur í upphafi meðgöngu að þá byrji tengslamyndunin við barnið fyrr en ella (Worth, 1997). Þegar barnið svo deyr, syrgja foreldrar allt það sem þau voru búin að gera ráð fyrir og missa því tækifærið til að kynnst barninu í framtíðinni. Þessi sorg hefur vissa sérstöðu því hún nær til allra þátta sorgarinnar, að missa barn, missa draum og jafnvel missis sjálfs. Að syrgja er ekki geðrænn sjúkdómur, þrátt fyrir svefnleysi, hræðslu, ótta og reiði og að foreldrum finnist þau vera að missa tókin „séu að verða brjáluð“. Allar þessar tilfinningar eru eðlilegar og þegar frá líður fara þær hægt dvínandi og verða mildari og koma sjaldnar (Henderson og Macdonald, 2004).

Áhrif sorgar á samband hjóna

Sorgin er einstök, þ.e. hver og einn upplifir sorgina á sinn hátt. Jafnvel þó hjón syrgi barn sitt þá getur hvor aðilinn fyrir sig upplifað sig einan í sorginni. Og getur það síðan á vissan hátt haft áhrif á samband foreldranna (Henderson og Macdonald, 2004). Í sorgarferlinu getur þessi tilfinning hvernig hjón takast á við sorgina og sýna einkennin á mismunandi hátt og á mismunandi tíma leitt til togstreitu. Það getur síðan flækt samband foreldranna því eiginkonan getur mistúlkað hegðun föðursins sem oft verður svo fjarrænn, og litið á það sem áhugaleysi gagnvart barninu og sem litla umhyggjusemi að hans hálfu, eins og honum „sé sama“ (Stinson o.fl., 1992; Pairman o.fl., 2006).

Það er erfitt til þess að hugsa að þegar hjón verða fyrir slíkum missi, sársaukinn svo mikill og parið þarf mjög á hvort öðru að halda, þá finna feðurnir fyrir því eins og þeir einangrist frá makanum og bilið á milli þeirra verði breiðara. Það myndi hjálpa foreldrum í úrvinnslunni ef þau átta sig á því að maður og kona syrgja ekki á sama hátt (Henderson og Macdonald, 2004). Fagaðilar þ.e. þeir sem sinna foreldrum eftir slíkan missir

þurfa að fullvissa foreldrana um að það sé eðlilegt að þeir upplifi sorgina ekki eins og ekki á sama tíma, og að sorgarferlið getur tekið marga mánuði, jafnvel ár eða meira. Mæður og feður upplifa sams konar einkenni, en venjulega eru þjáningareinkenni móður sterkari þ.e. hún sýnir sterkari viðbrögð. Það hjálpar að hvetja hjónin að finna leið til að deila saman tilfinningum sínum og ná til hvors annars. Sambandið er mun líklegra til að standa þetta af sér ef hjónin hjálpa hvert öðru við að styrkja og þroska þær tilfinningar sem þau hafa, og vinna þannig saman í sorginni (Henderson og Macdonald, 2004; Badenhorst og Huges, 2007). Þetta getur jafnvel verið fyrsta reynsla ungra hjóna að missi og sorg, það er eitthvað sem getur valdið erfiðleikum og streitu í sambandi (Callister, 2006). Ýmsar rannsóknir hafa staðfest að það sé aukin tíðni hjónaskilnaða í kjölfar slíkrar reynslu, eða að hjón geri miklar breytingar á lífi sínu eins og að flytja búferlum vegna þess áfalls sem þau hafa orðið fyrir (Badenhorst og Huges, 2007). Aðrir hafa bent á að álagið sem verður við það að eignast andvana barn getur líka styrkt samband foreldra og sambandið orðið enn sterkara en það var áður (Pairman o.fl. 2006).

Feður

Ástæðan fyrir því að ég tek sérstaklega fyrir sorg feðra er að mér er það hugleikið að vita hvort þeir upplifi sorg í tengslum við andvana fæðingar á sama hátt og mæður og hvort þeir fái sama stuðning í samfélaginu og þær. Eins og kemur fram í inngangi þá misstu foreldrar mínir barn árið 1970 og það var á þeim tíma þegar foreldrar fengu lítinn sem engan stuðning eftir andvana

fæðingu barns. Faðir minn sagði mér að móðir mín hafi aldrei orðið söm á eftir að hafa gengið í gegnum það að fæða fullburða andvana stúlkubarn eftir 9 mánaða meðgöngu. Mér er nú hugsað til þess hvernig honum sjálfum hafi liðið á þessum tíma.

Rannsóknir sem Klaus og Kennel gerðu (1982), Rubin (1977) og Stainton (1990) bentu allar á það að feður tengjast ófæddu barni sínu líkt og móðirin en rannsakendurnir sögðu einnig frá því að sú tenging sé á annan hátt en hjá mæðrum. Þeir töldu það vera vegna þess að það er konan sem ber barnið undir belti og því tengist hún barninu fyrr tilfinningalegum böndum heldur en faðirinn (Worth, 1997). Upplifun feðra væri svo að deila meðgöngunni með móðirinni og með því að „sjá og finna“. Það hvernig faðirinn upplifir þessa tengingu við ófædda barnið hefur svo áhrif á viðbrögð hans við andvana fæðingu barnsins (Worth, 1997; Stinson o.fl., 1992).

Gleymdir syrgjendur?

Rannsókn sem gerð var í Svíþjóð af Samulsson, Rådestad og Segesten 2001, sýnir að þörf hins syrgjandi föður fyrir að tjá tilfinningar sínar stangist á við hina ríkjandi ímynd um karlmannshlutverkið, þar sem ætlast er til að hann sé sterkur og styðji maka sinn. Tekin voru viðtöl við ellefu feður. Viðtölin voru tekin 5 – 27 mánuðum eftir að þeir höfðu eignast andvana barn og meðgöngutími barns var 29 – 42 vikur. Í rannsókninni kom fram að þegar feðurnir fengu þá vitneskju um að barn þeirra væri látið upplifðu þeir áfall, afneitun, tilfinningaleysi og lömuntílfínningu. Þeir áttu erfitt með að



takast á við það sem var að gerast. Eftirvæntingin og tilhlökkunin eftir barninu hvarf á einu augabragði, vonir og væntingar breyttust í sorg og söknuð. Þeir reyndu eftir bestu getu að hugga konu sína. Feðrunum fannst brýnt að barnið yrði tekið sem fyrst úr móðurkviði, þeim fannst afbrigðilegt að konan hefði dáið barn inn í sér. Þeir fundu fyrir ótta að hún gæti orðið veik af völdum þess. Fyrstu viðbrögð flestra feðranna þ.e. níu af ellefu vildu að barnið yrði tekið með keisaraskurði til að forða konunni frá þeim sársauka við að fæða barnið. Hugsunin um að hún þyrfti að fæða barnið eðlilega og með verkjum fannst þeim ógeðfellt. Eftir að hafa fengið fræðslu frá fagfólki voru þeir sammála þeim um að barnið fengi að fæðast á eðlilegan hátt. Í fæðingunni fannst sumum feðranna þeir vera ringlaðir og ekki inn í hlutum og utanveltu. Þeir notuðu orð eins og lömun, neitun, martröð og ólýsanlegt. Feðurnir töluðu um að það hefði verið gott að hafa annan karlmann til að tala við þar sem flestir fagaðilana voru konur. Þeir voru þó mjög ánægðir með þá þjónustu sem þeir fengu af hálfu spítalans og fannst starfsfólkið sýna þeim góðan stuðning. Það kom einnig fram í niðurstöðum þessarar rannsóknar og fleiri rannsókna sem voru að horfa á sömu atriði að feðurnir lögðu ríka áherslu á það að vernda og eiga gott samband við makann en einnig að fá að syrgja á sinn hátt.

Fjölskyldumeðlimum og fagfólki hættir til að horfa á föðurinn sem karlmannlegan og sterkan „masculine-must-be-strong“ og ætlast til að hann taki ýmsar ákvarðanir og geri ráðstafanir á meðan móðirin sem nýlega hefur fætt andvana barn er líklegri til að vera líkamlega og tilfinningalega ófær til þess (Stinson o.fl.,1992). Feðurnir hafa tilhneigingu að horfa til framtíðar og koma öllu í samt lag og jafnvel í betra lag en áður á meðan móðurinni finnst það oftast hjálpa sér að deila tilfinningum sínum með einhverjum (Pairman o.fl., 2006).

Samkvæmt Neill, (1998), Pairman (2006), Stinson og félagi (1992) er sorgarferli mæðra oftast mun tilfinningaríkara en feðra, þær tjá sig meira og eru líklegri til að sækja til stuðningshópa á meðan feðurnir sækja síður í þannig stuðning og finnst það jafnvel óviðeigandi. Þeim finnst oftast að sorgin sé þeirra einkamál. Þegar þeir upplifa viðbrögð mæðranna og sjá hvað hún er sorgmædd þá finnst þeim oft að

móðirin hafi elskað barnið meira en hann hafi gert og við þetta fá feðurnir sektarkennd.

Sumar rannsóknir sýna fram á það að mæðrum finnst sem þær fái minni stuðning frá fjölskyldu og vinum en feðurnir fá, á meðan aðrar rannsóknir sýna það gagnstæða þ.e. að feðurnir finni fyrir minni þjóðfélagslegum stuðningi og að þeir hafi engan til að ræða við um missinn og tilfinningar sínar. Þessar rannsóknir þurfa þó ekki endilega að vera mótsagnakenndar, því ef konan hefur fyrir missinn verið tengd sterkum böndum við fjölskyldu sína og vini þá gerir hún ef til vill meiri væntingar til þeirra (Stinson o.fl.,1992). Feðrum finnst að þeir séu frekar spurðir um hvernig eiginkona þeirra hafi það en ekki hvernig þeirra eigin líðan er, ættingjar og vinir gleyma því að faðirinn á einnig um sárt að binda. Þeir hafa þörf fyrir að borin sé virðing fyrir sorg þeirra og að þeim sé sýnd hlýja. Feður fara oftast fyrir til vinnu, þar finna þeir oft fyrir því að samstarfsfólk á erfitt með að nálgast þá og fólk veit hreinlega ekki hvernig það á að koma fram við þann sem syrgir (Neill,1998).

Geta pabbar ekki grátið ?

Það var nokkuð ríkandi áhersla á það í uppvexti drengja á árum áður að láta ekki tilfinningar sínar of mikið í ljós, eins og að gráta ekki, frekar að harka af sér. Eiga því karlmenn oft erfitt að sýna sorg sína með tárum. Þeim er það næstum meðfætt að bæla niður þessar tilfinningar en vera þess í stað sterkir eins og samfélagið gerir ráð fyrir (Henderson og Macdonald, 2004; Pairman

o.fl., 2006; Worth, 1997).

Fyrir suma karlmenn felur sjálfsmynd þeirra oft að því að vera verndari og framfærsluaðili í sambandi sínu við makann, vera sjálfstæður og sterkur frekar en varnarlaus (Pairman o.fl., 2006). Þeir hafa líka átt það til að forðast faglegan stuðning eins og kom í ljós í rannsókn sem Mandell, McAnulty & Reece gerðu 1979 á líðan 28 para eftir skyndilegan ungbarnamissi þar sem tekin voru viðtöl á heimili foreldrana. Átján feður af þeim 28 reyndu að forðast það að vera heima þegar hjúkrunarfræðingurinn kom í þessar viðtalsheimsóknir. Sögðu mæðurnar frá því að maka þeirra fyndist það ekkert hjálpa sér að tala um líðan sína við einhvern utanaðkomandi, og að þeir vildu ekki að þær væru að tjá sig um þeirra einkamál. Hegðun feðranna í viðtölunum var líka öfug á við hegðun mæðranna, þar sem enginn feðranna grét í viðtölunum á meðan þær felldu oft tár. Þeir viðurkenndu að hafa grátið en gerðu það ekki meðan á viðtölunum stóð (Mandell, McAnulty og Reece, 1980). Þessi rannsókn er tæplega 30 ára gömul og hafa orðið miklar breytingar síðan þá í þjóðfélaginu á viðhorfum í garð karlmanna varðandi tilfinningar. Einnig hafa orðið breytingar á uppeldi drengja þ.e. þeim er leyfilegt að tjá tilfinningar sínar, þó enn sé nokkur þrýstingur á að karlmenn séu sterkir og sýni ekki of miklar tilfinningar þegar einhver áföll verða á vegi þeirra (Worth, 1997).

„Ég grét frá þeirri stundu er ég steig inn í kirkjuna og þar til ég steig aftur inn í bílinn minn til að keyra í burtu að lokinni athöfn. Mér var sama hvað fólk



fannst, ég gat ekki haldið aftur af mér lengur. Þetta var mín stund til að syrgja“ (Neill, 1998, bls 34).

Ég veit að sú reynsla að fæða andvana barn hefur sett mark sitt á líf föður míns ekki síður en móður og eftir að hafa fengið upplýsingar frá eldri bræðrum mínum þá sögðu þeir mér að faðir okkar hafi verið mjög sterkur á þessum tíma þegar barnið fæddist, hann var þá eina fyrirvinnan á stóru heimili og varð að standa sig. En þeim er minnisstætt hvað faðir okkar grét mikið þegar litla dóttir hans var jörðuð. Hann vöknaði síðan oft um augun þegar hann minntist á þennan atburð alveg fram á hans hinsta dag.

Hvernig er hægt að styðja foreldra í sorginni?

Sorgin gerir einstaklinginn örmagna. Það getur tekið marga mánuði þar til foreldrarnir og þá sérstaklega móðirin geti einbeitt sér að öðru en sorginni og söknuði eftir barninu og horft á eitt-hvað annað sem er áhugavert í umhverfinu. Að horfa til framtíðar án barnsins er erfitt og sársaukafullt. Foreldrum er einnig alltaf hætta á að hverfa til baka í sorgina á ákveðnum tímamótum sem hefðu orðið í lífi barnsins, t.d. afmæli, jól eða á öðrum hátíðisdögum (Henderson og Macdonald, 2004; Bragi Skúlason, 2001).

Foreldrar verða að fá að finna sína eigin leið til að vinna úr þessari erfiðu reynslu, það er engin ein leið rétt til þess. Báðir foreldrar þurfa stuðning og báðir þurfa upplýsingar, þrátt fyrir að það sér erfitt fyrir þau að meðtaka allt og skilja það sem sagt er. Foreldrar eru þakklátir fyrir umhyggju fagfólks, skilning þess og þeirra sem eru tilbúnir að sýna umhyggju og eru óhræddir við að sýna tilfinningar sínar (Henderson og Macdonald, 2004).

Bragi Skúlason (2001) telur að sá fagaðili sem sinnir foreldrunum innan spítalans þurfi að sýna þeim mikinn stuðning og vera tilbúin að gefa af sér, vera reiðubúin að veita faglega nánd sem felur ekki í sér að vera stífur í faglegu orðavali. Hann þurfi að vera meðvit-aður gagnvart eigin tilfinningum og með opinn huga gagnvart því sambandi sem hann getur átt með skjólstæðingum sínum.

Þegar ljósmóðir verður þátttakandi í slíkum harmleik með foreldrum sem eignast andvana barn er viss hætta á því að ljósmóðirin geti auðveldlega verið sjálf minnt á missir sem hefur hent hana eða sorg sem hún hefur gengið í

gegnum. Foreldrarnir eiga ekki að þurfa að eiga hlutdeild í tilfinningum ljósmóður eða hennar reynslu af sorginni og verður hún því að passa að yfirfæra ekki sorg sem hún hefur upplifað yfir á syrgjandi foreldra. Foreldrarnir þurfa á stuðningi ljósmóðurinnar að halda og hún þarf að vera til staðar. Orð munu ekki taka í burtu sársaukann sem parið finnur fyrir en viti þau að einhver er til staðar, að þau eru ekki alein, getur það verið mikill og góður styrkur fyrir þau. Til viðbótar við það að hlusta þarf ljósmóðirin geta talað um dauðann og bjóða upp á samtal við prest ef foreldrarnir óska þess. Að fá að tala um erfiða reynslu við einhvern sem hefur áhuga og er tilbúin að hlusta er ein af bestu aðferðum til að ná betri líðan og einnig er gott að skrifa um tilfinningar sínar



(Worth, 1997). Dæmi um slíkt er þegar foreldrar nota svokallaðar blogg síður til að tjá líðan sína og skrifa sig þannig frá sorginni. Samtökin „Litlir englar“ sem stofnuð voru 2002 opnuðu heimasíðuna www.litlirenglar.is þar sem foreldrar geta leitað upplýsinga og stuðnings frá öðrum sem hafa gengið í gegnum svipaða reynslu. Þar geta foreldrar skrifað inn spurningar og ritað skoðun sína um hin ýmsu mál. Foreldrar hafa líka haft samráð um að hittast og styrkja hvort annað í gegnum heimasíðuna og deila hugsunum sínum með hvort öðru (Litlir englar, e.d.). Það má því segja að með opnari umræðu og minni fordómum hafa foreldrar fengið betri stuðning og inn í þann stuðning sem er orðin skipulagaðri hafa komið fleiri starfsstettir. Einnig er það orðið viðurkennt að feður séu meiri þátttakendur í sorgarferlinu. Samúðin í samfélaginu hefur aukist og að syrgja

andvana barn er talið orðið meira eðlilegt en áður var (Bragi Skúlason 1990).

Landspítali – Háskólasjúkrahús hefur látið útbúa litla bók sem heitir „Að missa barnið sitt“ sem er upplýsinga- og leiðbeiningabók til foreldra. Byrjað er að fjalla um þær tilfinningar sem foreldrar upplifa við þessar aðstæður og þar kemur fram að það sé eðlilegt að einstaklingarnir syrgi á misjafnan hátt. Þar er foreldrum ráðlagt að horfast í augu við dauðann í stað þess að forðast þá hugsun eða umræður um þá staðreynd. Sérstök fræðsla er þar fyrir móðurina því segja má að líkami hennar neiti að viðurkenna að barnið sé látið. Hún upplifir sömu líkamlegu einkennin og þegar um lifandi barn er að ræða (Gunnar Biering, 1991). Foreldrarnir fá einnig litla minningabók, Gley-mér-ei, sem ætluð er til að varðveita ýmsar minningar tengdar barninu eins og fæðingaramband og kort með upplýsingum um þyngd og lengd barns. Þar er líka hægt að geyma þrykkimynd af fóta- og fingraförum barnsins og aðrar myndir (Landspítali-Háskólasjúkrahús, kvennasvið e.d.).

Mikilvægi minninga um andvana börn.

Áþreifanlegar minningar eru mjög mikilvægar við að hjálpa foreldrum í gegnum sorgarferlið. Myndir af barninu, hárlökkur, merkiarmband og þrykkimynd af fótafari barnsins, allt eru þetta minningar fyrir foreldrana um barnið sem þau dreymdu um en fengu ekki að kynnast (Worth, 1997). Í rannsókn sem gerð var af Worth (1997) var athuguð upplifun feðra að andvana fæðingum og tekin voru viðtöl við átta feður sem allir höfðu gengið í gegnum andvana fæðingu. Kom þar í ljós mikilvægi þess að eiga áþreifanlega minningar af barninu. Viðtölin voru tekin 5 árum eftir að þeir höfðu eignast andvana barn. Einn faðirinn hafði hvorki viljað sjá né láta taka myndir af barninu og 5 árum síðar þegar viðtölin voru tekin var enn mikil eftirsjá hjá honum að hafa ekki fengið að sjá barnið og fá af því myndir. Hann talaði um að honum fyndist hann ekki geta lokað sorgarferlinu því hann hefði engar áþreifanlegar minningar. Að sjá barnið hjálpar foreldrum að viðurkenna raunveruleikann um barnið og að gera sér það ljóst að barnið sé látið. Það kom í ljós í þessari sömu rannsókn að áþreifanlegar minningar voru öllum feðrunum mikilvægar til að sameina barnið fjölskyldunni og í raun til að fá viðurkenningu á barninu frá öðrum

(Worth, 1997).

Ég tel það vera mikilvægt eins og komið hefur í ljós á síðari árum að foreldrar sem eignast andvana barn eignast sem flestar minningar um barnið. Vitna ég þá aftur í foreldra mína sem fengu ekki að sjá litlu stúlkuna sína né eiga áþreifanlegar minningar um hana. Hún var ekki nefnd nafni eins og tíðkast í dag, en í þau skipti sem talað var um hana í mínum uppvexti var aðeins sagt „litla systir“ sem dó. Þeir sem eignast barn í dag fá þær ráðleggingar frá fagfólki að gefa barninu nafn, það sé mikilvægt því með því eigi foreldrarnir auðveldara með að tengja endurminningar sínar barninu.

Samantekt

Að missa barn er ein erfiðasta raun fyrir foreldra að ganga í gegnum, á því leikur engin vafi og það að fæða andvana barn er engin undantekning. Foreldrarnir upplifa mikla sorg og söknuð. Andvana fæðingar hafa átt sér stað frá öröfi alda hvar sem er í heiminum. Áður fyrr var barnadauði nær fólki en nú á dögum þó lítið hafi verið rætt um þess konar reynslu. Rannsóknir á efni tengdu andvana fæðingum hafa aukist mikið á síðastliðnum árum og hafa umræður um þetta efni orðið opnari hin síðari ár og hlotið frekari viðurkenningu í samfélaginu. En umræður um andvana fæðingar er mjög viðkvæmt málefni og ekki siðferðilega rétt að meðhöndla það í tilraunastarfsemi eins og fram kemur hjá Gold o.fl., 2007.

Í þeim rannsóknum sem gerðar hafa verið á upplifun foreldra við andvana fæðingu hefur komið í ljós að munur er á kynjunum varðandi tjáningar á tilfinningum sínum. Foreldrarnir upplifa samskonar einkenni en móðirin sýnir sterkari viðbrögð en feður. Samkvæmt Neill, 1998; Pairman o.fl., 2006, Stinson o.fl., 1992 telja feður sorgina frekar vera sitt einkamál á meðan mæður hafa meiri þörf fyrir að tjá sig og sækja oftast til stuðningshópa með sorg sína. Með tilkomu breyttra viðhorfa sem orðið hafa og með aukinni þátttöku fedra í barneignarferlinu hefur það leitt til þess að frekari viðurkenning hefur hlotist í samfélaginu að feður sýni tilfinningar sínar í stað þess að loka þær inni.

Það áfall sem hjón verða fyrir við að eignast andvana barn getur haft áhrif á hjónabandið en þá með þeim hætti að annað hvort styrkist sambandið við slíka raun eða hjón fjarlægjast hvort annað. Þegar feður loka á tilfinningar sínar og syrgja í þögn er aukin hætta á að það verði erfiðleikar í hjónabandinu því

konan mistúlkar oft slíka hegðun föðurins eins og honum „sé sama“. Það hefur komið í ljós að feðrum er ekki sama, en þeir syrgja meira í þögn á meðan móðirin sýnir tilfinningar sínar. Ljóst þykir að feður fari í annað hlutverk en þeir vildu vera í, þ.e.a.s. hlutverkið að styðja og styrkja konuna en leyfa sér ekki að syrgja sjálfir. Þörf hins syrgjandi föður fyrir að tjá tilfinningar sínar getur stangast á við hina ríkjandi hugmynd um karlmannshlutverkið þar sem ætlast er til að hann sé sterkur og styðjandi við maka. Margir feður sýna sorg sýna með tárur en þeir gera það síður en mæður (Mandell/McAnulty og Reece, 1980). Í þessari ritgerð hef ég notað orðin „foreldrar / hjón“ og gefið mér að ég sé þá að tala um einstaklinga af sitt hvoru kyni. Nú er samfélag okkar mikið að breytast og nýlega farið að viðurkenna hjónaband samkynhneigðra. Leyfi hefur einnig gefist fyrir því að konur geti farið í tæknifrjógungun hvort sem þær eru einstæðar eða með maka. Þetta leiðir huga minn að því sem gæti verið fróðlegt að skoða nánar, þ.e. þegar tvær konur verða saman fyrir missir barns á meðgöngu eða fæðingu, upplifa þær þá samskonar sorgarviðbrögð? Sýna þær tilfinningar sínar báðar á svipaðan hátt eða gæti sú sem gengur með barnið og fæðir það sýnt sterkari sorgarviðbrögð heldur en sambýliskonan? Það væri áhugavert að skoða þetta nánar í framtíðinni

Lokaorð

Í samfélagi okkar hafa greinilega orðið miklar breytingar varðandi viðhorf fólks til þeirra sem syrgja. Það er orðið „leyfilegt“ í dag að sýna tilfinningar sínar og það að eignast andvana barn er ekki lengur atburður sem „ekki var“ eins og tíðkaðist á árum áður. Þá var reynt að hlífa foreldrum andvana barna við sorginni með því að tala sem minnst um atburðinn eins og var hjá foreldrum mínum.

Ég veit að ljósmæður eru í lykilhlutverki til að styðja foreldra í sorginni og að það er nærveran sem er þar stærsti þátturinn eins og í gegnum allt starf ljósmóðurinnar. Það eru engin orð sem munu taka í burtu sársaukann sem parið finnur fyrir en að þau viti að einhver er til staðar og til að hlusta, hjálpar þeim mikið. Ljósmæður geta stutt vel við bakið á foreldrum í gegnum allt ferlið, veitt ráðgjöf og hjálpað þeim að stíga fyrstu skrefin eftir missinn.

Heimildaskrá

- Badenhorst, W., Riches, S., Turton, P. og Hughes, P. (2006). The psychological effects of stillbirth and neonatal death on fathers: Systematic review. *Journal of Psychosomatic Obstetrics and Gynecology*, 27(4), 245-256.
- Badenhorst, W. og Hughes, P. (2007). Psychological aspects of perinatal loss. *Best Practice & Research Clinical Obstetrics and Gynaecology*, 21(2), 249-259.
- Bragi Skúlason. (2001). Sorg í ljósi lífs og dauða. Reykjavík: Hagþrent.
- Bragi Skúlason. (1992). Von. Reykjavík: Hörpuútgáfa.
- Bragi Skúlason. (1990). Missir barna. *Ljós-mæðrablaðið*, 3, 19-24
- Callister, L. C. (2007). Perinatal loss: A family perspective. *Journal of Perinatal and Neonatal Nursing*, 20(3), 227-234.
- Gold, K. J., Dalton, V. K. og Schwenk, T. L. (2007). Hospital care for parents after perinatal death. *American College of Obstetrics & Gynecology*, 109(5) 1156-1166.
- Gunnar Biering. (1991). Að missa barnið sitt. Sótt 26. september af [http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/timaritpages/T6B025461AADE7F1000256F4F00428A5C/\\$file/missa_barnid_sitt.pdf](http://www4.landspitali.is/lsh_ytri.nsf/timaritpages/T6B025461AADE7F1000256F4F00428A5C/$file/missa_barnid_sitt.pdf)
- Hagstofa Íslands (2008). Fæddir andvana. Sótt þann 27. september 2008 af <http://www.hagstofan.is/Hagtolur/Mannfjoldi/Faaddir-og-danir>
- Henderson, C. og Macdonald, S. (2004). *Mayes' Midwifery: A Textbook for Midwifery*. London: Elsevier Limited. Observations.
- Kübler-Ross, E. (1969). *On death and dying*. New York: Macmillan
- Litlir englar. (e.d.). Litlir englar. Sótt þann 30. September 2008 af <http://www.litlirenglar.is>
- Mandell, F., McAnulty, E. og Reece, R. (1980). Observation of paternal response to sudden unanticipated infant death. *Pediatrics*, 65(2), 221-225
- O'Neill, B. (1998). A father's grief: Dealing with stillbirth. *Nursing Forum*, 33(4), 33-37.
- Pairman, S., Pincombe, J., Thorogood, C. og Tracy, S. (Ritstjórn). (2006). *Midwifery: Preparation for Practice*. Australia: Elsevier.
- Ragnheiður I. Bjarnadóttir, Guðrún Garðarsdóttir, Alexander K. Smáráson og Gestur I. Pálsson. (2006). Skýrsla frá fræðingaskráningunni fyrir árið 2006. Reykjavík: Kvennadeild og Barnaspítali Hringins Landspítali-Háskólasjúkrahús.
- Samuelsson, M., Rådestad, I. og Segesten, K. (2001). A waste of life: Fathers' experience of losing a child before birth. *Birth*, 28(2), 124-130.
- Stinson, K. M., Lasker, J. N., Lohmann, J. og Toedter, L. J. (1992). Parents' grief following pregnancy loss: A comparison of mothers and fathers. *Family Relations*, 41(2), 218-223.
- Worth, N. J. (1997). Becoming a father to a still-born child. *Clinical Nursing Research*, 6(1), 71-89.

Ný lína

fyrir nýbakaðar mæður



DÖMUBINDI

Vönduð og einstaklega rakadræg dömubindi til notkunar eftir barnsburð.

Án ilmeftna • án plastefna • **sérstaklega mjúk** umhverfisvæn • **ekki klórbleikt** • unnin úr náttúrulegum efnum

BRJÓSTAPÚÐAR

Einstaklega mjúkir brjóstapúðar fyrir mæður með börn á brjósti.

Unnin úr náttúrulegum efnum • góð öndun **án plastefna** • án klórs • **umhverfisvænir**

BLAUTKLÚTAR FYRIR UNGABÖRN

Sérstaklega mjúkir • lífræn apríkósuolía • kamilla

Af margkunnugum konum

Konum hefur oft verið gefinn lítill gaumur í sögunni. Þær eru gjarnan afgreiddar með fáeinum orðum í sagnfræðiritum. Okkur konum sem fást við fræðin hefur fjölgað verulega á undanförunum árum og við rekum gjarnan augun í konur þar sem þær er að finna. Ég hef verið að rannsaka Landnámu (ritaði MA ritgerð um efni hennar) í mörg ár og ýmiss forn fróðleikur er mér því handgenginn. Í Landnámu er að finna frásögn af „margkunnandi ambátt“ og þjónustustörfum hennar sem gerði mig forvitna. Eitt leiddi svo af öðru og ég fór að lesa mér til yfisetustörf og lækningar til forna. Heimildir um þessi störf kvenna eru raunar allnokkrar og meiri en ég gerði mér grein fyrir. Lækningabækur frá miðöldum og frásagnir af margkunnandi og fjölkunnugum konum í fornum textum eru dæmi um heimildir af slíku tagi. Þarna er mikilvægt rannsóknarsvið sem verðugt væri að veita meiri athygli.

Í fornum ritum er talað um margvísar konur og margkunnandi, fjölkunnugar og fróðar, oft er verið að vísa til einhvern yfirnáttúrulegrar þekkingar sem var eftirsóknarverð eða háskaleg. Þessi kunnátta að geta á einhvern hátt ráðið við náttúruna hefur oft og tíðum verið talin jafngilda kunnáttu við lækningar og fæðingarhjálp. Konur og karlar sem voru fróð eða fjölkunnug og stunduðu lækningar hafa jafnan fengið á sig galdraorð. Bjargrúnir þurfti að kunna til að „leysa kind frá konum“ segir í fornu kvæði og yfisetukonan Oddný gól ramma og bitra galdra til þess að hjálpa konu í barnsnaud.¹ Lærð kunnátta ættuð frá grískum lærdómsmönnum barst á miðöldum til Evrópu, og er líklegt að áhrifa frá slíkum fróðleik hafi snemma gætt hér á landi jafnvel þótt ekki sé varðveitt eldra lækningahandrit en frá 13. öld. Latínufróðir menn og sigldir hafa auðveldlega getað aflað sér slíkrar kunnáttu snemma á ritöld og fræðin einnig getað borist með innflytjendum frá Bretlandseyjum. Sóst hefur verið eftir þekk-



Auður Ingvarsdóttir
sagnfræðingur

ingu sem gat létt fólki lífið og víða er það svo að lækisfróðleikur var með því fyrsta sem skrifað var niður þegar tækni hins ritaða máls varð mönnum töm.

Margkunnandi konur, fróðar og fjölkunnugar koma við sögu í fornum textum og eru oftar en ekki bendlaðar við galdra og fornaskju. Þekking á grösum og lækisverkum fylgir þó alloft konum sem lýst er á þennan hátt. Engin tvímæli leika á því að konur stunduðu það að græða menn sem voru sárir eftir bardaga og margar af þeim eru kallaðar lækna.² Fræg er frásögnin af konunni sem hjúkraði sárum mönnum við Stiklastað í Noregi. Þar er gert ráð fyrir grasakunnáttu:

„Hún hafði þar gert í steinkatli af lauk og önnur grös og vellt það saman og gaf að eta þeim hinum sárum mönnum og kenndi svo hvort þeir höfðu holsár því að þá kenndi af laukinum ur sárinu.“³

Krístún farkona kemur við sögu í Íslendingabók en þar segir Sturla Þórðarson frá samtímaatburðum. Hún hefur greinilega þekkt smyrsl og sáralækningar. Hún var stödd að Sauðafelli þegar Vatnsfjarðarbræður og liðssafnaður þeirra gerði grimmilega aðför að bænum og fólk lá eftir í blóði sínu. Þarna þurfti því um sárt að binda í bókstaflegri merkingu og bera smyrsl á sárin. Krístún farkona sagði:

„...hlut sárna manna yfrit þungan, þótt hon næði um at binda ok **smyrslum** á at ríða. Hon sagði ok konu þá, er brjóstin bæði váru af höggvin, yfrit þungt at tekna, þótt þau næði **smyrslum** þeim, er til væri.“⁴

Grasfróð hefur sjálf sagt hin írskættuða Grélöð verið, sem segir frá í Landnámu en hún fann hunangsilm úr grasi.⁵ Skyn Grélaðar á grösum á jarðareign bóndans hefur þannig hugsanlega verið af írskum fróðleiksrótum spröttið. Benda má á að mjúk og ilmandi grös tengdust Maríutru og voru að sögn lögð í rúm sængurkvenna og notuð til lækninga.⁶ Í lækningaritum sem til eru af fornum stofni eru gefin fjölmörg ráð við ýmsum kvennakvillum og þá ekki síst í sambandi við meðgöngu og fæðingu. Þar er að finna upplýsingar um jurtir sem m.a. leysa „eptirburð frá konu“, „hreinsa kvennasjúkdóm“ eða „skundar barnsburði.“⁷ Eitt dæmi má nefna þar sem líklegt er að örli á slíkri þekkingu. Í Finnbogasögu segir af Syrpu fósturu Þorgerðar og að hún hafi verið „vel kunnandi allt það er hún skyldi gera“ Einnig segir af grasakunnáttu hennar: „Svo er sagt að þann sama dag er Þorgerður varð léttari sendi Syrpa bónda sinn að vita sér um brúngras því að hún gerði mart fósturu sinni það er hún þurfti að hafa.“⁸ Hérna liggur beinast við að álykta að margkunnátta Syrpu tengist ástandi Þorgerðar og þörf hafi verið á grasakerlingu með þekkingu á fæðingarhjálp og kvennakvillum á heimilið. Brúngrasið hafi þá væntanlega verið ætlað til að hjálpa Þorgerði við fæðinguna eða eftirköst hennar. Ekki eru aðrar heimildir til um nefnt brúngras sem kemur fyrir í Finnbogasögu. Skýringin sem gefin er í fornritaútgáfunni er að brúngrösín séu líklega litunargrös.⁹ Miðað við frásögnina er eðlilegra að gera ráð fyrir lækningagrösum. Hugsanlega gæti verið um jurt að ræða sem kölluð er búgras í fornu lækningariti og var einmitt sérstök kvennajurt. Jurt þessi heitir Artemisia á latínu og er heitið líklega dregið af nafni grískar gyðju sem var verndari



fæðandi kvenna¹⁰. Við nánari athugun á þessari jurt varð þó að hafna þessari tilgátu þótt jurtin komi margoft fyrir í íslenskum lækningahandritum hefur hún aldrei vaxið hér villt. Athyglisvert er að hún hefur verið ræktuð hér á landi og þótt nytsemdarplanta.¹¹ Önnur jurt sem fremur kæmi til greina er brönuðgrös sem einnig var sérstök kvennajurt og þótti góð fæðingarhjálpi. Í Noregi hafa Brönuðgrösin fengið nafn Maríu meyjar, Marihand og jomfru Maria blome, en slíkar jurtir voru jafnan í hávegum hafðar.¹² Jurtir kenndar við Maríu þóttu líka fyrirtaks kvennajurtir og voru notaðar til lækninga og til styrktar fæðandi konum. Björn Halldórsson segir í Grasnytjum sínum að brönuðgras varðveiti „hafnir kvenna og styrkir til fæðingar í hæfan tíma”.¹³ Hin velkunnandi Syrpa hefur því sjálfsagt vitað ýmislegt um náttúru brönuðgrasa og

jafnvel fundið hunangsilmi úr grasi eins og kynsystir hennar Grélöð.

Heimildir

1. Eddukvæði Ólafur Briem annaðist útgáfu, Reykjavík 1968, bls.344; bls.414.
2. Nefna má Þuríði Tungu-Oddsdóttur en hún græddi tvo bardagakappa. Landnámabók bls. 100.
3. „Fóstbræðra saga“ bls.850.Íslendinga sögur I.Ritstjórar Jón Torfason, Sverrir Tómasson, Örnólfur Thorsson. Bragi Halldórsson og Jón Torfason bjuggu til prentunar. Reykjavík 1985.
4. Sturlunga saga I. Jón Jóhannesson, Magús Finnbogason og Kristján Eldjárn sáu um útgáfuna. Reykjavík 1946, bls.328.
5. Landnáma bls.176, 177. Allar gerðir Landnámu eru samdóma um hunangsilminn.
6. Kulturhistorisk leksikon for nordiske middelalder xi, bls. 367-371.
7. An old Icelandic medical miscellany Útg. Henning Larsen, Oslo 1931, bls.57, 64,77.
8. „Finnboga saga” Íslensk fornrit XIV. Jóhannes Halldórsson gaf út. Reykjavík 1959,

bls. 255-256.

9. „Finnboga saga” bls. 256 nm.
10. John M. Riddle „Contraception and Early Abortion in the Middle Ages” Handbook of Medieval Sexuality Ed. Vern,Bullough, James A. Brundage New York, London 1996 bls. 269.
11. Þessi jurt er oftast kölluð malurt þótt búi eða búgras komi fyrir í læknaandritum. Ingólfur Guðnason: „Vísendingar um garðrækt í Skálholti á fyrri öldum.“ Frumkvöðull vísinda og mennta, Þórður Þorláksson biskup í Skálholti. Ritstjóri Jón Pálsson. Reykjavík 1998, bls.144.
12. Reichborn Kjennerud. „Våre folkemedisinske lægeurter.“ Bidrag til norsk folkemedisin III. Kristiania 1922, bls.42.
13. Björn Halldórsson: Rit Björns Halldórssonar. Gisli Kristjánssonar og Björn Sigfússon bjuggu til prentunar. Reykjavík 1983, bls. 237.



Börn fæðast líka úti á landi

Í upphafi árs komu fram mjög umdeildar hugmyndir þáverandi heilbrigðisráðherra um mikinn niðurskurð innan heilbrigðiskerfisins. Meðal þess sem skera átti niður var þjónusta við barnshafandi konur og þá sérstaklega hvað varðar fæðingarstaði. Við báðum Jennýju Ingu Eiðsdóttur á Sauðárkróki og Svanborgu Egilsdóttur á Selfossi að setja niður á blað hugleiðingar sínar varðandi þennan fyrirhugaða niðurskurð og hvernig þessi áform litu út frá þeirra bæjardyrum séð. En það er lítill stöðugleiki á Íslandi þessi misserin og fljótlega var skipt um heilbrigðisráðherra, sparnaðartillögur endurskoðaðar og hætt við þann mikla niðurskurð sem lá í loftinu á fyrstu vikum ársins.

Það er gömul saga og ný að ljósmæður verða að standa vörð um þá þjónustu sem þær veita og er það því eins gott að innan stéttarinnar leynist kjarnakonur eins og Jenný Inga og Svanborg.



Jenný Inga ásamt nýfæddum norðlendingi.

Jenný Inga Eiðsdóttir:

Nú er bara svo komið að litlar breytingar verða á mínu svæði á þjónustu við barnshafandi konur þar sem tókst að snúa við þeim sameiningaráformum sem fyrirhuguð voru.

Við skerum að sjálfsgöðu niður eins og aðrir, Birgitta minnkaði vinnu verulega um áramót en ég verð áfram í fullri vinnu. Við hagræðum vöktum og vinnuskipulagi til að mæta þessari skerðingu en við tryggjum það að engin skerðing verður á þjónustu við konurnar. Yfirvinna verður tekin af nema fyrir útköll vegna fæðinga. Bakvaktir skerðast ekki og áfram verða fæðingar eins og verið hefur enda er það vilji stjórnenda stofnunarinnar og okkar. Aðalvinna okkur

felst í mæðravernd, umönnun sængurkvenna og ungbarnaeftirliti fyrstu 6 vikunnar eftir fæðingu. Fæðingarnar hafa verið minnsti hlutinn af starfsemi en eru engu að síður mikilvægur þáttur í þjónustunni.

Sængurlegan hefur verið að stytta smám saman og fleiri konur fara í heimaþjónustu, er það jú líka sparnaður fyrir stofnunina. Við sinnum oftast þessari heimaþjónustu á bakvaktarlaununum okkar en tökum ekki laun frá Tryggingastofnun nema á sumrin.

Sumarafleysingar fáum við ekki en skiptum vinnu í sumar á milli okkar eins og áður. Líklega skerum við niður bakvaktir í sumar eins og verið hefur undanfarin sumur en það þýðir í raun

launalausar bakvaktir ef maður er í bænum, sem maður er jú oftast þann tíma sumarsins sem maður vinnur. Þetta kallar á að eitthvað verður því um útköll fyrir þær konur sem vilja fæða hér en við erum ekki tilbúnar að sleppa þeim fæðingum.

Sorglegt er þó að vita til þess að víða er ekki skilningur á mikilvægi heildrænnar þjónustu og því öryggi sem fólgið er í því fyrir konurnar að þekkja sína ljósmóður og hafa ljósmóður á vakt í heimabyggð, sérstaklega yfir vetrartímann. Héðan eru töluverðar vegalengdir að næsta fæðingarstað og yfir fjallvegi að fara. Það er því mikið óöryggi og óhagræði fyrir fjölskylduna þegar langt þarf að sækja þjónustu á



Svanborg með Matthildi Þorsteinsdóttur og nýfæddum syni.

viðkvæmu tímabili barneignarferlisins

Við höfum búið við það hér á þessu svæði í áratug að hafa ekki skurðlækni og hér fæða einungis konur sem falla undir skilgreiningar um heimafæðingar, sem eru 1/3-1/2 af okkar konum, misjafnt eftir árum. Einnig eru alltaf nokkrar konur úr Húnavatnssýslunum sem fæða hér og fer þeim fjölgandi þar sem við sinnum mæðravernd á Blönduósi líka. Sængurkonur koma til okkar eftir fæðingu á FSA og fara í heimaþjónustu eða áframhaldandi sængurlegu eftir því hvernig gengur. Við sinnum einnig ungubarnavernd fyrstu sex vikurnar.

Ég tel konurnar hér fá mjög góða og samfellda þjónustu sem vissulega mætti bæta ef hingað fengist fæðingarlæknir eða skurðlæknir. Fjöldi kvenna sem við sinnum er um 60 í Skagafirði og um 25 í Húnavatnssýslunum. 29 konur fæddu hér á síðasta ári, tæpur helmingur okkar kvenna og um 1/5 af þeim úr Húnavatnssýslunum.

Enn sem komið er stendur ekki til að breyta þessari þjónustu nú, enda lágmarksþjónusta fyrir konur í barn-eignarferlinu á svona stóru svæði. Næstu fæðingarstaðir eru Akranes og Akureyri og yfir fjallvegi er að fara til að komast þangað, ýmissa veðra von á vetrum og tel ég ábyrgðarleysi að hafa ekki vakt ljósmóður og fæðingaraðstöðu í Húnavatnssýslum og Skagafirði eins og hugmyndir heilbrigðisráðherra gengu út á.

Mér finnst ljósmæður taka þátt í

að grafa undan trausti á ljósmæðra-þjónustu með því að samþykkja lokanir á fæðingarstöðum þó skurðstofum sé lokað, við getum alveg valið þær konur sem fæða hjá okkur, skurðstofur eða ekki. Við höfum leiðbeiningar frá landlækni um val á fæðingastað, strangar viðmiðanir og leyfi til að taka á móti börnum frá landlækni og það getur því enginn bannað okkur það, hvorki hér né annarstaðar, skurðstofa eður ei og ég ætla ekki að hætta að taka á móti börnum hér meðan konurnar vilja fæða hér.

Sendi bara baráttukveðjur til ljósmæðra um allt land

Svanborg Egilsdóttir:

Þegar Bergrún sendi mér tölvupóst um að fá fréttir af fæðingardeild Hsu á Selfossi þá fór ég að hugsa til baka síðastliðið ár sem er búið að vera eiginlega það erfiðasta á mínum starfsferli sem ljósmóðir vegna þeirra ótrúlegustu aðstæðna sem upp eru komnar í okkar þjóðfélagi.

Í byrjun sumars 2008 þá sögðu allar ljósmæður Hsu, utan eina sem var í fæðingarorlofi, upp störfum vegna kjarabaráttu. Allt sumarið einkenndist af óvissu, fundum, fjölmiðlaviðtölum o.s.frv. Þangað til í lok september að samið var við ljósmæður. Viku seinna hrundi þjóðfélagið og aftur tóku við óvissutímar, um áramót var ljóst að fæðingardeild Hsu á Selfossi ætti

að loka til sparnaðar fyrir heilbrigðis-kerfið. Það má segja það að þá fyrst hafi „ballið“ byrjað. Fundasetur út í eitt, viðtöl við fjölmiðla, meira segja lét ég mig hafa það að vera með framsögu á almennum borgarafundum, kvenfélagsfundum, pólitískum fundum, ég lét ekkert tækifæri ónotað til þess að verja fæðingardeildina. Ljósmæður, framkvæmdastjórn Hsu og allt starfsfólk Hsu stóð saman að því að fæðingarþjónusta á Suðurlandi legðist ekki niður og það allra besta var að um 5 þúsund Sunnlendingar rituðu undir áskorun til heilbrigðisráðherra um málefni fæðingardeildar Hsu.

Í apríl kom svo heilbrigðisráðherra Ögmundur Jónasson og tilkynnti að fæðingardeild Hsu yrði ekki lokað en samt þurfti stofnunin sem slík að spara miklar fjárhæðir. Allir sem vinna á heilbrigðisstofnunum þekkja sparnaðartilögur því s.l. 20 ár a.m.k. þekkjum við það vel að spara allt niður í „plastpoka“

Enn og aftur voru fundir um sparnaðartillögur og afleysingar fyrir sumarið því ljósmæður liggja nú ekki á lausu, bara í 3 mánuði.

Nú er júní og flest mál virðast leyst, en 30 ára ljósmóðurreynsla mín segir mér að svo sé ekki, því ljósmóðurstarfið er barátta við það ófyrirséða, en það er auðvitað það skemmtilegasta við að vera ljósmóðir.

Ljós móðurfræði í ólíkum menningarheimum

Ráðstefna af tilefni 90 ára afmælis Ljós mæðrafélags Íslands

Ráðstefna var haldin 1. maí 2009 af tilefni 90 ára afmælis Ljós mæðrafélags Íslands. Hugmyndina að henni má rekja tvö ár aftur í tímann þegar hópur íslenskra ljós mæðra sat ráðstefnu Nordisk Jordemor Forbund í Turku í Finnlandi í maí 2007. Íslenskar ljós mæður áttu þar nokkra fulltrúa á meðal fyrirlesara og ljóst var að vaxandi gróska var í rannsóknum og þróun þekkingar ljós mæðra hér á landi.

Eftir heimkomuna frá Finnlandi var kallaður saman hópur ljós mæðra sem átti það sameiginlegt að hafa unnið að rannsóknum og þróun þekkingar innan ljós móðurfræða. Reynsluboltunum í þeim hóp fannst mikilvægt að fá inn í hópinn vaxtarsprotu, því voru einnig kallaðar til nýtskrifaðar ljós mæður og ljós mæðranemar. Í undirbúningsnefndinni voru Árdís Kjartansdóttir, Bárá Hildur Jóhannsdóttir, Embla Ýr Guðmundsdóttir, Helga Sigurðardóttir, Ólöf Ásta Ólafsdóttir, Rannveig Rúnarsdóttir, Sigrún Kristjánsdóttir, Stefanía Guðmundsdóttir og Valgerður Lísá Sigurðardóttir. Nefndin var stórhuga eins og formæður okkar sem stofnuðu Ljós mæðrafélagið fyrir 90 árum síðan – alþjóðaráðstefna skyldi það vera! Já þetta var árið 2007 – þá var eðlilegt að hugsa stórt. Við ákváðum að yfir-



Ellen Blix.



Undirbúningsnefnd ráðstefnunnar: Embla Ýr Guðmundsdóttir, Bárá Hildur Jóhannsdóttir, Stefanía Guðmundsdóttir, Rannveig Rúnarsdóttir, Ólöf Ásta Ólafsdóttir, Árdís Kjartansdóttir, Helga Sigurðardóttir og Valgerður Lísá Sigurðardóttir.

skrift ráðstefnunnar yrði Midwifery in different cultures of childbirth eða Ljós móðurfræði í ólíkum menningarheimum og hugsunin á bak við það var að vísa til margbreytileika ljós móðurfræðinnar og þess að í okkar samfélagi í dag er öllum stundum og alls staðar að mætast fólk sem kemur úr ólíkri menningu. Við ljós mæður förum ekki varhluta af því og líklega koma ýmiss konar hefðir og venjur sem fylgja menningu okkar hvað sterkast fram í kringum barneignir.

En allt er breytingum háð – það þarf ekki að hafa mörg orð um þær breytingar sem öll heimsbyggðin upplifði í október 2008 þegar allsherjarefnahagshrun reið yfir. Undirbúningsnefndin var þó ekki á því að leggja árar í bát en þó var tekin ákvörðun, í samráði við stjórn Ljós mæðrafélagsins, um að minnka umfang ráðstefnunnar. Gerðar voru nýjar áætlanir um ráðstefnu og ákveðið að ráðstefnan yrði íslensk, með tveimur erlendum fyrirlesurum auk þeirra íslensku.

Á dagskrá ráðstefnunnar voru fyrirlestrar og málstofur. Annar erlendu fyrirlesaranna var Chris McCourt sem er doktor í félagsmannfræði frá London School of Economics og prófessor við ljós móður- og heilbrigðisvísindadeild í Thames Valley University í London. Hún leggur sérstaka áherslu á kennslu og rannsóknir á sviði ljós móðurfræða innan félagsmannfræðinnar, á menningu barneigna, þróun barneignarþjónustu, heilsu kvenna og umönnun barna. Í fyrirlestri sínum fjallaði hún um áhrif þjóðfélagslegra breytinga á meðgöngu og fæðingu barns og hlutverk ljós mæðra í ólíkum menningarheimum. Hún ræddi sérstaklega um hið flókna hugtak tímann og hvernig klukkan hefur áhrif á menningu barneigna og hvernig þetta tengist valdastöðu þekkingar og hugmyndafræði umönnunar og barneignarferlis.

Hinn erlendi fyrirlesarinn var Ellen Blix, ljós móðir. Hún lauk meistaraþrófi árið 2000 og doktorsgráðu sex árum síðar. Doktorsverkefni hennar

var rannsókn til að meta komurit sem vinnuvenju á fæðingardeildum. Hún hefur einbeitt sér að rannsóknum á eftirliti með líðan barna í fæðingu, örvun í fæðingu, tímalengd eðlilegra fæðinga, heima-fæðingum og starfi ljósmæðra á mismunandi deildum. Hún vinnur sem umsjónarmaður rannsókna í miðstöð klínískra rannsókna við Háskólasjúkrahúsið í Tromsø, í Norður Noregi, og sem dósent við Heilbrigðisvísindadeild háskólans í Tromsø. Í fyrirlestri sínum fjallaði Ellen um tvær rannsóknir sem gerðar voru í Noregi á fyrirfram ákveðnum heima-fæðingum á árabílinu 1990 - 2007. Annars vegar var um að ræða samanburðarrannsókn á útkomu heima-fæðinga og fæðinga hjá konum í eðlilegu ferli á sjúkrahúsi. Hins vegar var um eigindlega rannsókn að ræða þar sem tekin voru viðtöl við ljósmæður til að varpa ljósi á það hvernig heima-fæðingaljósmæður vinna og hvernig þær stuðla að eðlilegri fæðingu.

Á dagskránni var einnig fyrirhugað að hafa tvo íslenska fyrirlestara frá þeim Elvu Björgu Einarsdóttur og Kristínu Þóru Kjartansdóttur, en fyrirlestur Kristínar féll niður. Elva Björg hélt erindi um orðræðu kvenna um fæðingar þar sem íslensk nútíma orðræða um fæðingar var sett í sögulegt samhengi og reynt að skýra hvers vegna hún er sem hún er; „að slást um glaðloft“, „að eiga og mega“, „sauðkindur á fæðingarbekk“, „fæðing í sprungu á þingvöllum“, „að vera svolítið svekkt“, „að virða ákvörðun læknisins“, „sektarkenndarpakkinn“, „að hafa það kósí og maula súkkulaði“. Elva Björg er MA í mannfræði og BA í guðfræði. Innan mannfræðinnar hefur hún lagt áherslu á heilsumannfræði en meistara-ritgerð hennar fjallaði um val kvenna á fæðingarstað út frá sjónarhorni kvenna. Fyrir hádegishlé hristi Auður Bjarnadóttir jógakennari í Lótus jógasetri upp í ráðstefnugestum með hressandi uppákomu sem hún kall-



Ólöf Ásta Ólafsdóttir ásamt erlendu fyrirlesurum ráðstefnunnar þeim Chris McCourt og Ellen Blix.

aði jóga á meðgöngu fyrir ljósmæður – verum bumbulínur. Þar kynnti hún meðgöngujóga og var með æfingar.

Tvær málstofur voru einnig haldnar, annars vegar um þróun ljósmæðraþjónustu á krepputímum og hins vegar um áhrif tækninnar á barneignarferlið. Það er óhætt að segja að ljósmæður og aðrir gestir ráðstefnunnar hafi tekið virkan þátt í umræðum en það var skipt niður í hópa og svo voru niðurstöður hópanna kynntar í lokin. Eftirfarandi er samantekt undirbúningsnefndar úr niðurstöðum málstofanna:

1. Í flestum hópunum kom fram að í mæðraverndinni sé lagður grundvöllurinn að barneignarþjónustunni.
 - a. Áherslu verður að leggja á sjálfstæði ljósmæðra og því mjög brýnt að vinna að samningi um sjálfstætt starfandi ljósmæður í mæðravernd. Einnig þarf að auka sjálfstæði ljósmæðra til að skrifa t.d. upp á beiðnir fyrir blóðprufur, sjúkraþjálfara, vottorð til að hætta vinnu o.fl. (best væri að tryggja rétt kvenna til að hætta vinnu nokkrum vikum fyrir fæðingu án þess að fæðingarorlof skerðist). Viðurkenna að starfsþrek sé minnkað í lok meðgöngu án þess að um sjúklegt ástand sé að ræða.
 - b. Hefur eitthvað breyst við að fækka komum í mæðravernd? Umræður um hvort epidural-tíðni hafi aukist eða hvort ambul-ant komum á fæðingadeildir hafi

fjölgað við það.

- c. Hugmyndir um hóp-mæðravernd – stöku skipti í mæðravernd þar sem fræðsla er um ákveðið atriði.
2. Þjónusta í heimabyggð – grunnheilbrigðisþjónusta verður að vera til staðar í þéttbýli jafnt sem dreifbýli á landsbyggðinni. Spurning um sparnað ef ekki er til staðar fagfólk á landsbyggðinni – t.d. er talað um að kostnaður við þyrlluútkall sé um 12 milljónir króna. Það er nauðsynlegt að efla stuðning við ljósmæður úti á landi til að sinna barneignarþjónustu. Skilgreina hvaða þjónusta getur verið þar og styðja við hana. Endurvekja þarf embætti héraðs-ljósmóður á landsbyggðinni.
3. Færa þjónustuna til kvenna, fara í auknum mæli heim til kvenna sem þurfa þjónustu, t.d. vegna vandamála á meðgöngu (mæla Bp, rit, samdrættir, minnkaðar hreyfingar o.fl.) spurningar um byrjandi fæðingu eða legvatnsleka eða vandamála í sængurlegu. Hagkvæmt út frá kostnaðar- og fagsjónarmiðum að halda konum eins lengi utan stofnunar og hægt er.
4. Stofnun ljósmæðramiðstöðvar þar sem hægt væri að hafa utan-umhald utan um heima-fæðingar og heimaþjónustu ljósmæðra.
 - a. Hægt væri að skipuleggja vaktir fyrir heima-fæðingar, heimaþjónustu og jafnvel selja þjónustu til stofnana vegna heimavítjana t.d. á meðgöngu og í byrjun fæðingar.



Verum bumbulínur - ljósmæður í jóga undir leiðsögn Auðar Bjarnadóttur frá Lótus jógasettri.

- b. Ljósmæður gætu verið á skrá og sæi miðstöðin um að finna heimaþjónustuljósmæður. Skipt niður í orlof o.fl.
- c. Gæti auðveldað gæðaeftirlit með þjónustunni – hægt væri að hafa nefnd innan fyrirtækisins sem stuðlar að símenntun, tekur á kvörtunum o.fl. en það kom fram í umræðunum að slíkan vettvang vantaði.
- d. Gæti verið símaavakt allan sólarhringinn.
5. Samfelld þjónusta er mikilvæg fyrir alls konar hópa kvenna og fjölskyldna. Með auknu sjálfstæði ætti að vera auðveldara fyrir ljósmæður að veita samfellda þjónustu.
6. Fræðsla og upplýsingagjöf til foreldra. Hvernig fræðsla er veitt, hver veitir hana og hvenær er best að fræða? Einstaklingsfræðsla eða hópfræðsla – eru námskeiðin að skila árangri? Það skiptir máli hvernig við veitum upplýsingar til verðandi foreldra.
7. Markaðssetning á hugmyndafræði ljósmæðra um barneignarferlið – áhersla á það eðlilega.
 - a. Grunnur t.d. lagður í uppvesti barna og unglunga. Ljósmæður ættu að skapa sér tækifæri til að hafa áhrif í grunnskólum þar sem viðhorf komandi kynslóða eru að mótast. Gæti verið spurning um að koma með innlegg inn í lífsleiknínámskeið og/eða hluta af kynfræðslu.
 - b. Koma áherslum okkar hug-

myndafræði betur til samfélagsins. Skrifa greinar í blöðin, nota vefmiðla (blogg, Facebook) og aðra fjölmiðla. Þemamánuðir/misseri – taka 3ja til 4 mánaða þematímabil þar sem lögð er áhersla á ákveðið efni ljósmæðra/barneignarþjónustu. Mætti byrja á að skipta eftir grunnþjónustu t.d. meðganga, fæðing, sængurlega. Skipting gæti verið t.d. fæðing: jan/feb/mars – sængurlega: maí/júní/júlí – meðganga: sept/okt/nóv. Ákveðinn hópur ljósmæðra sér um hvert tímabil, hægt að velja árið fyrirfram. Skrifa stuttar greinar, ekki endilega fræðilegar, heldur upplýsandi og hvetjandi. Minna á okkur hjá fjölmiðlum fyrir þætti eins og Ísland í dag, Kastljós og helgarútgáfu dagblaðanna þar sem oft eru þemu tengd daglegu lífi og lífsstíl. Pressan.is o.fl. slíkir miðlar – væri hægt að koma þar að föstum penna t.d. einu sinni í viku skrifar ljósmóðir? Mikilvægt að ljósmæður fari í hópa sem taka að sér ákveðin málefni. Það þarf ekki finna upp neitt nýtt – heldur segja frá því sem við kunnum og þekkjum.

8. Áhrif kvenna og karla:
 - a. Spurning hvort rétt sé að konur hafi val um epidural og keisara. Hugmyndir komu fram um að þær greiði sjálfar fyrir slík inn grip ef þau eru ekki ráðlögð af

fagaðila.

- b. Fæðingasögur frá konum til að birta á ljósmodir.is (ekki draumasögur, ekki hryllingssögur – heldur uppbyggilegar sögur)
9. Ljósmæður verða að líta í eigin barm og skoða viðhorf innan stéttarinnar. Leggja verður áherslu á stuðning og samstöðu, hætta að tala um við og þið (LSH og landsbyggðin t.d.) heldur segja við ljósmæður á Íslandi....
10. Ljósmæður verða að taka virkan þátt í pólitík – komast þannig inn í umræðuna þar sem ákvarðanir eru teknar – hafa áhrif á stjórnvöld.
11. Kostnaðargreining – t.d. á heima fæðingum og heimaþjónustu í sængurlegu ætti að vekja athygli á að þjónusta ljósmæðra er hagkvæm. Þannig er hægt að færa rök fyrir sjálfstæðri starfsemi á vegum ljósmæðra.

Ráðstefnugestir virtust vera einhuga um það að brýnt sé að standa vörð um barneignarþjónustuna í landinu sérstaklega nú þegar við blasir niðurskurður í öllu okkar samfélagi. Það eru breyttar aðstæður í þjóðfélaginu öllu og líklega óhjákvæmilegt að einhverjar breytingar verði í barneignarþjónustunni á landsvísu. Það er brýnt að ljósmæður, í krafti fagþekkingar sinnar og reynslu, hafi áhrif á ákvarðanatöku um mótun barneignarþjónustunnar.

Valgerður Lísu Sigurðardóttir
formaður ráðstefnufndar.

Fréttir úr félagsstarfi

Að baki er viðburðarríkt ár og átaka ár hjá ljósmæðrum, Ljósmæðrafélaginu, stjórn þess og kjaranefnd sem hér munu verða gerð skil.

Stjórn félagsins og starfsemi

Á aðalfundi 2008 kom Dagný Zoega ný inn í stjórn sem fyrir þann tíma hafði verið óbreytt í 2 ár. Stjórnin átti þó eftir að sjá meiri breytingar það árið þegar tveir stjórnarmeðlimir, Kristbjörg Magnúsdóttir og Unnur Berglind Friðriksdóttir sögðu af sér stjórnarsetu vegna illsættanlegs skoðanaágreinings innan stjórnar m.a. um fjármálastjórn í kringum kjarabaráttu félagsins. Síðustu rúma 5 mánuði fyrir aðalfund starfaði því fimm manna stjórn. Meiri breytingar urðu svo á stjórninni á aðalfundinum, þar sem bæði Guðrún Guðmundsdóttir gjaldkeri og Dagný Zoega vararitari ákváðu að hætta af persónulegum ástæðum. Ég vil þakka þeim góð störf og samvinnu. Þær sem komu nýjar inn í stjórn á aðalfundinum eru Helga Sigurðardóttir varaformaður, Sigrún Valdimarsdóttir gjaldkeri, Árdís Kjartansdóttir varagjaldkeri og Jóhanna Skúladóttir vararitari og hefur ný stjórn þegar fundað. Stjórnarfundir voru 17 milli aðalfunda og félagsfundir 10. Flestir voru félagsfundirnir í kjarabaráttunni.

Ljósmæðrafélag Íslands er stækkandi kjarafélag og hefur vaxið um fjórðung síðustu 3 ár. Nú eru kjarafélagar orðnir 242 og á það ekki síst þátt í árangri okkar í kjarasamningunum í haust. Það er vel við hæfi að á 90 ára afmæli félagsins skuli nú yfir 90% starfandi ljósmæðra vera kjarafélagar í Ljósmæðrafélaginu, félagi sem hefur séð tímana tvenna.

Félagsgjöld

Fagfélagsgjöld eru þau sömu og síðustu nokkur ár, eða 4.500 kr. Kjarafélagsgjöld hafa einnig lengi verið þau sömu eða 1,75% af dagvinnulaunum og af þeim greiðist nú 0,17% til BHM skv. nýgerðri samþykkt aðalfundar BHM. Með hækkanði launum ljósmæðra og fjölgun kjarafélaga, hefur innkoma félagsins þess vegna líka aukist um 2-300 þúsund



Guðlaug Einarsdóttir afhendir Ögmundi Jónassyni heilbrigðisráðherra eintak af Lausnasteinum

á mánuði frá því í fyrra.

Starf ritnefndar

Gefin voru út tvö Ljósmæðrablöð á árinu, annað í júní og hitt í desember. Ágætlega gekk að fá ljósmæður til að skrifa greinar í blaðið og er það vel. Auglýsingarsöfnun gekk hins vegar tregar en oft áður vegna breyttra aðstæðna í þjóðfélaginu.

Nálastungunámskeið

Tvö nálastungunámskeið voru haldin á vegum félagsins á síðasta ári svo nú eru námskeiðin alls orðin þrettán. Hrun íslensku krónunnar setti strik í reikninginn þar sem félagið greiðir námskeiðskostnað í sænskum krónum og varð niðurstaðan sú að félagið borgaði helm-ing á við hvern þátttakanda í kostnað við þessi tvö námskeið, enda hafði námskeiðskostnaður verið sá sami til fjölda ára. Til stendur að halda námskeið í haust en fyrirkomulag þess er nú í skoðun, þar sem kostnaðurinn er mikill vegna gengismunar.

Starf fræðslunefndar

Fræðslunefnd hefur staðið fyrir hringborðsumræðum í vetur eins og fyrri vetur. Starf hennar byrjaði þó á að

skipuleggja slökunarferð í október eftir hina miklu kjarabaráttu og var farið í Mecca Spa þar sem ljósmæður kynntust meðgöngujóga og meðgöngusundi. Á nóvemberhringborðinu kynnti Árdís Kjartansdóttir ljósmóðir dvöl sína sem ljósmóðurnemi hjá Inu May Gaskin og var það mjög fróðlegt og sköpuðust góðar umræður um fæðingarfræðina. Í byrjun desember var aðventufundur þar sem Gunnar Sigurjónsson sóknarprestur í Kópavogi og mótorhjólakappi kom og spjallaði við ljósmæður á léttu nótnum í miðri kreppu og aðventu. Sveinbjörg Brynjólfsdóttir ljósmóðir kynnti mastersritgerð sína á marshringborðinu, um reynslu og líðan kvenna sem fá verki í geirvörtur við brjóstagjöf. Mjög athyglisvert verkefni og gott innlegg í brjóstagjöfina.

Starf fræðslunefndar fer aftur af stað í haust með spennandi dagskrá.

Starf sjóðanefndar og úthlutun úr sjóðum félagsins

Úthlutað er úr þremur sjóðum Ljósmæðrafélagsins; Minningasjóði ljósmæðra, Rannsóknasjóði ljósmæðra og B-hluta Vísindasjóðs Ljósmæðrafélagsins. Úthlutunarreglur sjóðanna voru endurskoðaðar og þeim breytt fyrir



Sýnishorn af gömlum tækjum og tólum úr fórum forvera okkar.

þremur árum og lagði sjóðanefnd til breytingar sem aðalfundur samþykkti.

Árið 2008 var alls úthlutað 3.035.000 kr. Sem fyrr eru ljósmæður stórhuga í námi sínu og rannsóknum með fjölbreytt og framsækin verkefni í burðarliðnum. Fyrir utan rannsóknir og afmælisbók- arútgáfu sem styrkt er úr sjóðum félags- ins að þessu sinni, er stórt verkefni í samræmingu bráðaviðbragða í barneign- arferlinu, svokallað ALSO verkefni þar sem fjórar ljósmæður og fjórir lækmar hafa fengið þjálfun í kennslu í bráða- viðbrögðum og var fyrsta námskeiðið haldið hér á landi í maí.

Þær ljósmæður sem fengu vilyrði fyrir styrk þetta árið eru:

- Ástþóra Kristinsdóttir 500.000 kr styrkur vegna meistaraverkefnis um heimilisofbeldi.
- Helga Gottfreðsdóttir og Sigríður Inga Karlsdóttir, ritstjórar afmælisrits Ljósmæðrafélagsins, Lausnarsteinar: ljósmóðurfræði og ljósmóðurlist. Styrkur upp á 500.000 kr en þar að auki styrkir Ljósmæðrafélagið verk- efnið sérstaklega.
- Sigríður Sía Jónsdóttir 280.000 kr styrkur vegna úrvinnslu gagna úr rannsókninni: Sykurþolspróf á með- göngu: ástæður og útkoma.
- Anna Sigríður Vernharðsdóttir fyrir hönd vinnuhóps, 500.000 kr vegna gerðar fræðslubæklinga fyrir skjól- stæðinga ljósmæðra. Hætt var við útgáfu Informed Choice bæklinganna sem langt voru komnir í þýðingu og vinnuhópurinn ákvað að hefja gerð fræðslubæklinga byggða á íslenskum aðstæðum.
- Anna Sigríður Vernharðsdóttir, fyrir hönd vinnuhóps, 250.000 kr vegna

tækjakaupa vegna ALSO verkefnis- ins. Sjóðanefnd lítur svo á að þessi tæki séu eign Ljósmæðrafélags Íslands og til afnota á fleiri námskeið/ verkefni en ALSO.

- Anna Sigríður Vernharðsdóttir 190.000 kr vegna námskeiðskostnaðar við undirbúning ALSO verk- efnsins.
- Sigrún Kristjánsdóttir 190.000 kr styrkur vegna námskeiðskostnaðar við undirbúning ALSO verkefnisins og 45.000 kr vegna skólagjalda í framhaldsnámi.
- Guðrún Sigríður Ólafsdóttir 190.000 kr vegna námskeiðskostnaðar við undirbúning ALSO verkefnisins.
- María G. Þórisdóttir 190.000 kr vegna námskeiðskostnaðar við undir- búning ALSO verkefnisins.
- Unnur Berglind Friðriksdóttir 100.000 kr vegna skólagjalda í fram- haldsnámi.
- Kristbjörg Magnúsdóttir 100.000 kr styrkur vegna þýðingar á texta heim- ildarmyndarinnar Birth as we know it.

Vegna þeirra breytinga sem urðu við síðustu samninga, þegar vísindasjóður var tekin til hækkunar inn í grunnlaun ljósmæðra, breytast einnig forsendur úthlutunarsjóða ljósmæðra. Til að tryggja sömu innkomu sjóðsins og verið hefur undanfarin ár, hefur stjórn félagsins ákveðið að eyrnamerkja 9% af óbreyttum félagsgjöldum til þessa sjóðs. Þá hafa lítilsháttar breytingar verið gerðar á úthlutunarreglum sjóð- anna, enda skulu þær endurskoðaðar á tveggja ára fresti skv. núgildandi reglum. Hvortveggja er millibilsástand sem

ætlað er að gilda næsta árið. Það er tillaga sjóðanefndar að á næsta aðal- fundi verði nýr úthlutunarsjóður stofn- aður á grunni núverandi vísindasjóðs, með eigin stofnskrá og úthlutunarreglum sem lagðar verði fyrir fundinn.

Næsta úthlutun úr sjóðum Ljósmæðra- félagsins verður í nóvember og umsókn- arfresturinn 1. nóvember.

Kjarasamningar og starf kjara- nefndar

Hautsins 2008 verður lengi minnst fyrir íslenska efnahagshrunið og margir munu þá einnig minnst þess að fáeinum dögum fyrir opinberun hrunsins, náðu ljósmæður umtalsverðum kjarabótum eftir mikil átök við ríkisvaldið. Ekki er heldur ólíklegt að það hafi verið í fyrsta skipti sem okkar góða félagi hefur verið stefnt fyrir dóm og það af fjár- málaráðherra fyrir hönd íslenska ríkis- ins. Ljósmæður tryggðu sér umræðu í nær öllum fréttatímum allra fréttafjöl- miðla á meðan fyrsta og annað verkfall ljósmæðra var háð hér á landi í byrjun september og hafði mikinn meðbyr frá samfélaginu. Í þessum verkföllum kom greinilega í ljós mikilvægi ljósmæðra í heilbrigðiskerfinu og ábyrgð þeirra gagnvart skjólstæðingum sínum.

Ferill samninga

Kjaranefnd Ljósmæðrafélags Íslands hefur setið vel á annað hundrað fundi frá því í maí 2008.

Sex mánaða langri og strangri samn- ingalotu við samninganefnd ríkis- ins um miðlægan kjarasamning lauk 16. september síðastliðinn með miðl- unartillögu ríkissáttasemjara. Með miðl- unartillögunni var stórt skref stigið hjá okkur ljósmæðrum á leið okkar fyrir réttlátum launum. Samstaða ljósmæðra átti einn mestan þátt í því skrefi sem við náðum.

Eftir að hafa lokið miðlægum kjarasamningi sat kjaranefndin ekki auðum höndum. Við tóku stofnanasamn- ingar við tuttugu og eina stofnun hér á landi sem ljósmæður starfa hjá. Í janúar síðastliðnum hafði nefndin lokið samningum við tuttugu þessara stofnana. Enn er eftir að ljúka samn- ingi við eina stofnun. Þau mál eru nú í höndum lögfræðings BHM. Að auki hefur nefndin lokið kjarasamningum við Launanefnd sveitafélaga og samn- ingi við Samtök fyrirtækja í heilbrigð- isþjónustu. Að endingu kom kjaranefnd félagsins að samningum Sjúkrtrygg- ingastofnunar Íslands og ljósmæðra

um heimaþjónustu í sængurlegu. Vegna lagabreytinga með tilkomu laga um Sjúkratryggingastofnun sem gildi tóku í haust, breyttust forsendur samninga um heimaþjónustu ljósmæðra og heimafæðingar. Nú getur ríkið ekki lengur samið við stéttarfélög um heilbrigðisþjónustu, heldur einungis fyrirtæki eða einstaklinga. Samningar um greiðslur fyrir þessa þjónustu er því ekki lengur á höndum félagsins, heldur gerir Sjúkratryggingastofnun rammasamning sem ljósmæður sækja um aðild að. Slíkur samningur tók gildi 1. mars s.l. og gildir út febrúar á næsta ári.

Þann 31. mars síðastliðinn rann stuttur kjarasamningur við ríkið út. Enn sem komið er hefur Ljósmæðrafélag Íslands ekki átt fund með samninganefnd ríkisins en er með í samstarfi BHM aðildarfélaganna og annarra launþegasamtaka í ríkisþjónustu sem er í fullum gangi í þessum skrifuðu orðum.

Nýr vinnudeilusjóður - Þórdísarsjóður

Kjarabaráttan ljósmæðra var kostnaðarsöm en þó ekki kostnaðarsamari en það að ávinningur samningsins fyrir félagsmenn var mun meiri á einungis einum mánuði. Ljósmæður hafa ekki átt neinn sjóð til að kosta kjarabaráttu sína hingað til. Í mörgum félögum innan BHM er safnað í sjóði til að eiga fyrir kjarasamningavinnu og öll stærri félög hafa auk þess starfsmenn allt árið um kring til að vinna að undirbúningi kjarasamninga. Í okkar félagi höfum við hvorugt haft. Við höfum treyst á að eiga aukreitis fyrir kjarasamningum í daglegum rekstri félagsins sem lengst af hefur verið í járnnum. Eftir kjarasamningana í haust styrktu önnur stéttarfélög okkur um háar upphæðir eftir að miðstjórn BHM hafnaði beiðni LMFÍ um greiðslu lögfræðikostnaðar. Eftirstöðvar þessara styrkja mynda nú okkar eigin vinnudeilusjóð sem stjórn hefur lagt til að nefndur verði jákvæðara nafni eftir kjarabaráttukonu þ.e. Þórdísarsjóður, til heiðurs Þórdísi Símonardóttur ljósmóður sem barðist alla tíð fyrir bættum kjörum ljósmæðra og brýndi starfssystur sínar í kjarabaráttu. Frekari upplýsingar um Þórdísi Símonardóttur má sjá hér í blaðinu.

Kreppa

Það er skemmst frá því að segja að þjóðin er heltekin af því þjóðfélagsástandi sem hér ríkir eftir efnahagshrunið í haust og afleiðingar þess og



Fríður flokkur ljósmæðra á aðalfundi.

þar eru ljósmæður engin undantekning. Í fyrsta sinn geta íslenskar ljósmæður þurft að horfast í augu við atvinnuleysi og uppsagnir. Laun hafa verið rýrð niður í berstrípuð grunnlaun með því að taka af alla umframgreiðslur í formi akstursgreiðslna og óunnar yfirvinnu millistjórnenda. Og áfram hangir yfir okkur skuggi gríðarlegs niðurskurðar í heilbrigðiskerfinu. Til stóð að loka fæðingardeildinni á Sauðárkróki og minnka stórlega þjónustu á tveimur fæðingardeildum, þ.e. í Keflavík og á Selfossi en kröftug mótmæli nærsamfélags og m.a. Ljósmæðrafélags Íslands urðu til þess að horfið var frá þeim ákvörðunum a.m.k. um tíma. Ljósmæður eiga ekki að bíða þess sem verða vill, heldur taka virkan þátt í að mæta því vandamáli sem þjóðin

stendur frammi fyrir og aðstoða heilbrigðisyfirvöld við sparnaðaráætlanir. Við vitum að enn má spara í heilbrigðiskerfinu og við vitum líka að fækkun ljósmæðra eða fækkun fæðingastaða getur haft dýrkeyptar afleiðingar í heilbrigðiskerfinu með fjölgun inngripa og enn frekari oflækningum. Það er staðreynd að eðlileg fæðing kostar einungis einn níunda hluta af því sem keisarskurður með fylgikvillum kostar. Þessari staðreynd þurfum við að halda að heilbrigðisyfirvöldum og höfum boðið fram vinnu okkar í þverfaglegri nálgun í markvissri stefnumótun til að fjölga eðlilegum fæðingum, bæði af faglegum og fjárhagslegum ástæðum og öllum til heilla. Heilbrigðisráðherra hefur nú lofað samstarfi við félagið í þessum efnum.

Félagsmenn og trúnaðarmenn

Erindum til Ljósmaðrafélagsins hefur fjölgað mikið eins og til annarra stéttarfélaga, þegar vinnuveitendur reyna í sparnaðartilraunum sínum að klóra í kaup og kjör félagsmanna. Mikil vinna fer því nú fram í beinni hagsmunagæslu og þörfin fyrir lögfræðiaðstoð hefur aukist gríðarlega. Það er ástæða til þess að minna félagsmenn á trúnaðarmenn ljósmaðra sem allar ljósmaður hafa aðgang að, því afar mikilvægt er að allar fréttir af breytingum eða fyrirhuguðum breytingum á vinnuumhverfi eða kjörum ljósmaðra á einstökum vinnustöðum, berist til félagsins – öðruvísi getur félagið ekki gætt hagsmuna félagsmanna.

Við erum aldrei minntar eins greinilega og nú í pólitískum sviptingum síðustu missera, á það hversu pólitísk heilbrigðismál eru og er þar aðbúnaður og stefnumótun barneignarþjónustu hvað öfgafyllt í því. Við megum aldrei sofna á verðinum gagnvart heilbrigðisfyrirvöldum eða hagsmunabaráttu samstarfsstétta okkar, heldur taka virkan þátt í stefnumótandi ákvarðanatökum.

Erlent samstarf og ráðstefnur

Óhætt er að segja að íslenskar ljósmaður eru námsfúsar og iðnar við að sækja sér þekkingu á ráðstefnur erlendis. Þess er skemmst að minnast þegar þriðjungur stéttarinnar sótti Alþjóðaráðstefnu ljósmaðra í Glasgow á síðasta ári. Tveir fulltrúar Ljósmaðrafélags Íslands, undirrituð og Kristbjörg Magnúsdóttir, sátu fjögurra daga fund miðstjórnar ICM sem að venju var haldinn fyrir ráðstefnuna. Við slík tækifæri myndast mikilvæg og gagnleg sambönd þvert á landamæri og heimsálfur, en greinilegt er þó hvað samstarf við ljósmaður innan Norðurlanda skiptir okkur miklu máli og er mikilvægt að rækta, ekki síst á þrengingartímum.

NJF ráðstefna í Kaupmannahöfn 2010

Ætla má að margar ljósmaður leggi einnig leið sína á Norðurlandaráðstefnuna sem haldin verður í Kaupmannahöfn að ári. Greiður aðgangur er að virkri þátttöku í ráðstefnunni með ýmsu móti. Sem dæmi má nefna kynningu á vinnuumhverfi ljósmaðra (myndband, myndasýning, frásögn), frásögn (storytelling), veggspjöld, málstofur og vinnusmiðjur. Nánari upplýsingar um ráðstefnuna má finna á vefsíðunni

www.njf2010.dk. Skilafrestur á útdrætti fyrir slíka þátttöku er 1. október og því ekki úr vegi að íslenskar ljósmaður noti sumarið til meðgöngu á verkefni af einhverju tagi sem hægt er að deila með skandinavískum starfssysturum okkar á ráðstefnunni. Tilvalið væri að áhugasamar funduðu í lok sumars um framlög okkar til ráðstefnunnar og minna má á sjóði félagsins, í því sambandi, sem styrkja margskonar ljósmaðraverkefni og rannsóknir.

Stjórnarfundur NJF í Reykjavík 8.-9. maí

Árlegur stjórnarfundur Norðurlandasamtaka ljósmaðra (NJF) var haldinn hér í Reykjavík dagana 8. og 9. maí og komu 10 erlendir gestir, fulltrúar allra ljósmaðrafélaga á Norðurlöndum. Þau málefni sem lágu fyrir fundinum voru m.a. ljósmaðraskortur og vinnuumhverfi ljósmaðra, áhrif kreppu á ljósmóðurstörf, ljósmaðraleysi til lífstíðar eða endurnýjunar og ljósmaðramenntun á Norðurlöndum. Ljósmaðrafélagið tók á móti gestunum af íslenskri gestrisni og bauð hópnum bæði í Bláa lónið og í útreiðartúr. Fundurinn tókst vel og voru gestir okkar afar ánægðir með skipulag hans og móttökur.

Afmælishátíð Ljósmaðrafélagsins

Ljósmaður hafa haldið upp á stórafmæli félagsins á metnaðarfullan hátt. Bókin Lausnarsteinar, ljósmóðurfræði og ljósmóðurlist var gefin út í tilefni að afmælinu; vandað rit, þungt af hugmyndafræði ljósmaðra í sögulegum og samtíma spegli. Ráðstefna var haldin þann 1. maí undir nafninu Ljósmóðurfræði í mismunandi menningarheimum, þar sem erlendir og innlendir fræðimenn deildu með okkur rannsóknnum sínum, auk þess sem ljósmaður fóru á kostum í vinnusmiðjum sem sannaði þann sprengikraft sem í þeim býr, þrátt fyrir að á móti blási í þjóðfélaginu. Nítugasti aðalfundur félagsins var svo haldinn á afmælisdaginn sjálfan, 2. maí og komu ljósmaður þar þrúðbúnar, margar á þjóðbúning. Heilbrigðisráðherra, Ögmundur Jónasson og aðstoðarkona hans, Halla Gunnarsdóttir, voru gestir fundarins og ávarpaði ráðherra ljósmaður og þakkaði þeim samvinnu fyrr og nú og lofaði að verða við þeirri ósk félagsins um samvinnu ljósmaðra við ráðuneytið um heildstæða stefnumörkun í barneignarþjónustu í landinu. Færði hann svo félaginu gestabók að gjöf og

voru þau Halla svo sjálf leyst út með gjöfum, þ.á.m. afmælisritinu Lausnarsteinum og bók Sheilu Kitzinger, The politics of birth.

Það hefur verið hefð á afmælisárum Ljósmaðrafélags Íslands að heiðra þær ljósmaður sem félagsmenn telja að sýna beri sérstaka viðurkenningu, eins og í 11. grein reglna félagsins segir. Að þessu sinni voru þrjár ljósmaður heiðraðar en það voru þær:

Áslaug Hauksdóttir sem sýnt hefur með starfi sínu, einurð og einlægni í að svara óskum fæðandi kvenna. Hún hefur endurvakið heimaþæðingar hér á landi og verið brautryðjandi í vatnsfæðingum. Ásta Gísladóttir sem staðið hefur vaktina á Patreksfirði og nágrenni, nær óslitið síðustu 40 ár og er lýsandi dæmi um þá sönnu ljósmóðurlist að hafa traust samfélagsins.

Margrét Þórhallsdóttir sem hefur verið óþreytandi í áhuga sínum og baráttu fyrir hagsmunum ljósmaðra og á heiðurinn af virkri starfsemi Norðurlandsdeildar Ljósmaðrafélags Íslands.

Heiðursljósmaðurnar fengu allar heiðurskjal og gullheiðursnælu félagsins sem þakklætisvott Ljósmaðrafélagsins fyrir framlag þeirra til félagsins, ljósmóðurfræði, ljósmaðra og skjólstæðinga þeirra. Ágrip um hverja og eina þeirra er birt hér í blaðinu.

Að fundi loknum var boðið upp á léttar veitingar og skáluðu ljósmaður í freyðivíni. Þeim var þó ekki til setunnar boðið þar sem hátíðarkvöldverður var haldinn þá um kvöldið á Grand Hótel Reykjavík og sóttu hann tæplega 140 gestir. Skemmtinefnd hafði útbúið hressilega skemmtidagskrá og að borðhaldi loknu var dansað fram á nótt.

Það má því segja að þrátt fyrir átaka ár, bæði innan félags og utan og níu tugi starfsára, stendur Ljósmaðrafélagið sterkt og stolt og ber vitni um virðingu og hugsjón félagsmanna fyrir ljósmóðurstarfinu og þeirra kæra félagi.

Guðlaug Einarsdóttir
formaður LMFÍ



Heiðursfélagar í Ljósmaðrafélagi Íslands

Þrjár konur gerðar að heiðursfélögum 2. maí 2009



Ásta Gísladóttir, Áslaug Hauksdóttir og Margrét Þórhallsdóttir eftir að hafa tekið við heiðursmerki Ljósmaðrafélags Íslands

Áslaug Hauksdóttir ljósmóðir

Áslaug er fædd að Hvanneyri í Borgarfirði hinn 20. apríl 1944. Foreldrar hennar voru Haukur Jörundsson, kennari á Hvanneyri og skólastjóri á Hólum í Hjaltadal og Ástríður Sigurmundardóttir, hjúkrunarfræðingur.

Börn Áslaugar eru: Möður fæddur 1970 og Daði fæddur 1973.

Áslaug lauk ljósmóðurprófi frá Ljósmaðraskóla Íslands hinn 30. september 1966 og hjúkrunarprófi frá Nýja hjúkrunarskólanum í apríl 1981.

Á sínum farsæla starfsferli hefur Áslaug unnið að fjölbreyttum störfum á sviði ljósmóðurfræðinnar og sinnt mörgum félags- og trúnaðarstörfum fyrir Ljósmaðrafélagið. Einnig hefur hún komið að félagsmálum bæði á Akureyri þar sem hún bjó og starfaði um nokkurra ára skeið sem og í flokkspólitík fyrir

Vinstri Græna í sínu kjördæmi.

Áslaug var um skeið aðstoðardeildarstjóri kvenlækningadeild Landspítalans og deildarstjóri á göngudeild mæðraverndar á Landspítalanum og einnig var hún fyrsti deildarstjóri tæknifrjógungardeildarinnar þegar hún tók stil starfa árið 1991.

Nokkrum árum síðar söðlaði hún um og hélt til Danmerkur þar sem hún kynntist miklum áhrifavaldi – notkun vatnsbaða í fæðingu. Áslaug flutti þessa nýjung með sér til Íslands og þrátt fyrir miklar mótbáur ýmissa stétta við þessa öflugu verkjameðferð tókst henni með harðfyllgi að innleiða notkun vatns í fæðingum bæði á Sjúkrahúsi Suðurlands á Selfossi – þar sem fyrsta vatnsfæðing innan stofnunar átti sér stað í febrúar 1997 og síðan í Keflavík um ári seinna. Í kjölfarið hafa flestar fæðingadeildir landsins tekið upp notkun vatnsbaða til

að lina hríðaverki og þykir ekki lengur tiltökumál þótt barn fæðist í vatni.

Síðustu árin hefur Áslaug einbeitt sér að þjónustu við þær konur sem kjósa að fæða börn sín heima, en þeim fjölgar jafnt og þétt. Er það ekki síst að þakka því góða orði sem fer af störfum Áslaugar og því öryggi sem konur finna í umönnun hennar. Því þótt Áslaug sé áráðin hefur hún að sama skapi góða eðlisgreind og innsæi og er því örugg og listagöð ljósmóðir.

Það sem mætti helst segja að einkenni ljósmóðurferil Áslaugar er kjarkur. Áslaug hefur staðið í stafni í baráttu fyrir bættum hag kvenna í barneignarferlinu, auknu valfrelsi í fæðingum og umræðu um þau mál sem standa ljósmæðrum næst – þ.e. listina að vera með konu á þessum örlagaríku tímum í lífinu.

Dagný Zoëga

Ásta Sigríður Gísladóttir

Ásta Sigríður Gísladóttir er fædd í Skáleyjum á Breiðafirði 17. desember 1935. Hún útskrifaðist frá Ljósmeðra-skóla Íslands 30. september 1960. Frá 1. nóv. sama ár var hún ráðin ljósmóðir í Patreksfjarðarumdæmi, síðar bættist Barðastrandarumdæmi við. Hún starf-aði nánast óslitið á Patreksfirði þar til hún lét af störfum við árslok 2004. Hafði hún þá tekið á móti 700 börnum.

Á sautjándra árinu ákvað Ásta að verða ljósmóðir. Elsta systir hennar fæddi sitt fyrsta barn heima í Skáleyjum og þó Ásta væri ekki viðstödd fæðinguna, sá hún þarna alveg nýfætt falllegt stúlkubarn sem hvorki var búíð að baða né klæða í föt. Hún hefur sagt að þetta hafi verið sér eins og opinberun, að þarna hefði hún orðið vitni að einhverju óendanlega stórkostlegu. Á þeirri stundu ákvað hún að verða ljósmóðir. Næstu daga á eftir fékk hún að aðstoða ljósmóðurina við að sinna sængurkonunni. Hún leit mjög upp til ljósmóðurinnar Pálínu Sveinsdóttur. - „fannst hún alveg einstök kona. Frá henni geisluðu góð áhrif. Það er erfitt að lýsa því en auðvelt að finna það“.

Fyrstu 7 fæðingar sem Ásta sinnti fóru fram í heimahúsum. Þá fóru fæðingar að færast inn á sjúkrahúsið og liðu 35 ár þangað til hún aftur tók á móti barni í heimahúsi.

Ásta var vel liðin af fólki sem átti samskipti við hana. Þegar konur að vestan voru teknar tali og nefnt að viðkomandi þekkti ljósmóðurina á Patró, ljómuðu konurnar og svöruðu með hrifningu í röddinni:

„Hana Ástu? Þekkirðu Ástu!?“ en eiginmennirnir kinkuðu kolli með viðurkenningarvip. Það var greinilegt að hún átti aðdáun fólksins. Sennilega hafa geislað góð áhrif frá henni ekki síður en Pálínu ljósmóður sem hún kynntist sem unglingur. Virðing fyrir öllu mann-legu hefur fylgt henni, æðruleysi, hlýleg kímigáfa og gott skap. Þessi smávarxa kona bar með sér mikið traust.

Ásta var farsæl í starfi þó engin sleppi algjörlega við áföll. Áhugi fyrir ljósmóðurstörfum fylgdi henni alla tíð. Hún gaf sér góðan tíma til að ræða við konurnar, leiðbeina þeim og var dugleg að viða að sér fræðslufni sem gat nýst hennar skjólstæðingum.

Jósep Blöndal var læknir á Patreksfirði og ber mikið lofsorð á Ástu, bæði fyrir samstarf og færni: „Hún er svo æðrulaus, í góðu jafnvægi, skapgóð. Og svo er það næmnin – og innsæið. Það

brást ekki. Það var eintóm ánægja að vinna með Ástu.“ Það er náttúrulega þetta æðruleysi og innsæi sem ljósmæður þurfa á að halda ekki síst þær sem starfa mikið einar. Það kom líka vel fram að læknar þarna treystu reynslu Ástu. Þegar þrýstingur varð á að frumbyrjur fæddu í grennd við sjúkrahús með fullum öryggisútbúnaði, héldu frumbyrjur áfram að fæða á Patreksfirði ef þeim sjálfum hugnaðist það.

Ásta sinnti ungbarnaeftirliti í fjölda mörg ár, einnig hefðbundinni skóla-skóðun. Hún sagði einhverju sinni að hún hefði mælt lengd allra barna á Patreksfirði þar til hún hætti að ná upp á höfuð þeirra! Þarna þekkti hún allt og alla, tók á móti tveimur kynslóðum.

Kynslóðabil í algengri merkingu þess orðs þekkti hún samt ekki. Oft hefur það komið fram í samtölum við hana að börn og unglingar löðuðust að henni.

Ásta kynntist manni sínum Sverri Breiðfjörð á Patreksfirði og þau gift-ust 1963. Þau eignuðust 5 börn sem öll komust upp en einn sonur þeirra lést af slysförum 21 árs að aldri.

Sverrir var dyggur bakhjarl ljósmóðurinnar. Hann hætti sjómennsku þegar börnin voru orðin 2 og fór þá að vinna í landi til að eiga auðveldara með að sinna heimilinu þegar þess þurfti. Þetta hafa fleiri eiginmenn ljósmæðra þurft að gera gegnum tíðina því ekki höfðu öll heimili tök á vinnukonum. Þessir menn eiga heiður skilið fyrir sinn þátt í ljósmóðurstarfi. Sverrir lést 1998.

Ljósmæður á landsbyggðinni eru nánast alltaf á vakt og þannig var það mest allan starfstíma Ástu. Sumarfrí reyndi hún að taka þegar engin barnsfæðing var í sjónmáli. Afleysara fékk hún þegar hún sjálf var að fæða og eftir 3ja barnið tók hún sér hlé frá störfum í 4 ár.

Einn er sá eiginleiki Ástu sem þeir sem þekkja hana kunna vel að meta og vert að geta þó það komi ljósmóðurstörfum ekki við. Það er frásagnarfærni hennar. Gott vald á máli, raddblærinn, gott minni á atburði, skilningur og væntumþykja á mannfólkinu ásamt smá skopskyni, gera frásagnir hennar myndrænar og sérlega ánægjulegar áheyrnar. Þessu hafa margir kynnst og gleðja sig við þær minningar.

Í tímaritinu Veru 1.tbl. 2000 átti Steinunn Eyjólfsdóttir viðtal við Ástu í tilefni þess að hún tók á móti fyrsta barni Íslands árið 2000. Í upphafi viðtals kemst Steinunn svo að orði: „Það er eitthvað mikilfenglegt undir kyrrlátu yfirborðinu hjá fólki eins og Ástu, eitthvað sem geymir reynslu kynslóðanna.“

Síðan lýkur viðtalinu á eftirfarandi orðum Ástu þegar hún hefur látið hugann reika yfir liðinn tíma:

„Ljósmóðurstarfið hefur ekki aðeins verið mér vinna og lífibrauð. Það hefur líka verið mér styrkur og athvarf á reynslutímum. Þegar maðurinn minn féll frá og eins þegar ég missti son minn uppkominn, þá var starfið mér hvatning og raunabót. Mér fannst birta yfir þegar ég tók á móti nýju lífi, ég fann að mín var þörf og að ég gat svarað þörfinni.“

Að svara þörfum annarra hefur verið lífsfylling Ástu S. Gísladóttur. Það eru ummæli nákominnar ættingja.

María Björnsdóttir

Margrét Þórhallsdóttir

Margrét Þórhallsdóttir, ljósmóðir er fædd 1. apríl 1925 og er því á áttugasta og fimmta aldursári. Ótrúlega spræk og dugleg eins og auðvitað allflestar ljósmæður eru.

Margrét lauk ljósmæðraprófi 30. september árið 1954 og hefur hún því verið ljósmóðir í 55 ár þó að vísu sé hún ekki starfandi lengur, en hún er samt ljósmóðir með stóru M – i. Hún er enn mjög áhugasöm um hag ljósmæðra og kvenna í kringum barneignarferlið og er virkari í starfi Ljósmæðrafélagsins en flestar okkar sem yngri erum.

Margrét starfaði fyrsta árið eftir útskrift á fæðingadeild Landspítalans síðan flutti hún norður í land og vann á Sjúkrahúsinu á Akureyri meira og minna frá árinu 1955 til ársins 1995. Það voru því ófá börnin sem voru svo heppin að hlýjar hendur Margrétar tóku á móti þeim þegar þau fæddust og enn eru konur á Akureyri að dásama hendur hennar. Nudd á bak og hvatningarorð þegar þær voru alveg að gefast upp í fæðingunni og þær langaði mest til að pakka saman og hætta við allt saman, eru þeim enn í fersku minni. Því konur á Akureyri eru enn, áratugum eftir að þær fæddu börn sín að dásama þessa ljósmóður sem annaðist þær af alúð og nærgætni í fæðingu.

Sömu alúðar og nærgætni hafa ljósmæður sérstaklega í Norðurlandsdeild Ljósmæðrafélagsins notið í ríku mæli í gegnum tíðina. Landshlutadeildin var stofnuð árið 1968 og var Margrét einn af stofnfélögum deildarinnar og ef satt skal segja hélt hún uppi starfi deildarinnar til fjölda ára. Hún sat í stjórn Norðurlandsdeildarinnar í áratugi og lengst af þeim tíma var hún formaður hennar.

Öll þau ár einkenndust störf hennar

í þágu Ljósmaðrafélagsins af krafti og áhuga sem skein í gengum allt starfið. Það var sama hvort verið var að undirbúa basar til að afla fjár til að byggja við Sjúkrahúsið á Akureyri eða hvort verið var að undirbúa fræðslufund á vegum Norðurlandsdeildarinnar eða hvort kaupa átti nýjan doppler fyrir Fæðingadeildina. Margrét skipulagði allt og hætti ekki fyrir en markmiðunum var náð.

Eiginlega má segja að Norðurlandsdeildin hafi verið heimilisföst á heimili Margrétar í áratugi því fundir í deildinni voru ansi oft haldnir á heimili hennar. Þá svignuðu borðin undan bakkelsi og góðgerðum, sem Margrét framreiddi af myndarskap til að skapa rétta stemmingu þannig að ljósmæður gætu átt notalega stund saman og eftir ljósmæðraandann sín á milli.

Frægasta uppátæki Margrétar meðan hún var formaður Norðurlandsdeildarinnar, ef við getum nefnt það uppátæki, var náttúrlega þegar hún, ásamt öðrum ljósmæðrum fyrir norðan skipulagði aðalfund Ljósmaðrafélagsins árið 1974 að Hrafnagili í Eyjafirði. Það mun hafa verið fyrsti aðalfundur sem haldinn var utan höfuðborgarsvæðisins. Á þann aðalfund mættu 80 ljósmæður víðsvegar að af landinu, margar á íslenskum búning og

ég hef heyrt því fleygt að karlmennirnir í firðinum hafi aldrei séð þvílíkan flokk af föngulegum konum eins og þann dag.

Fundurinn tókst að sögn þeirra sem hann sóttu með eindæmum vel. Steinunn Finnbogadóttir þáverandi formaður Ljósmaðrafélagsins stjórnaði fundinum, bæjarstjórnin á Akureyri bauð í kvöldverð og margar ljósmæður gistu í heimahúsum hjá norðlenskum ljósmæðrum.

En við ættum kannski að taka það upp aftur í kreppunni að gista hjá hvor annarri, hætta að splæsa í hótél heldur að gista bara hjá hvor annarri þegar við ferðumst um landið, það yrði einskonar heimaþjónusta ljósmæðra eða kannski öllu heldur heimagisting ljósmæðra fyrir ljósmæður. En það mundi án efa styrkja tengsl okkar og efla okkar dýrmæta ljósmæðraanda.

Margrét hefur verið ótrúlega dugleg að sækja ráðstefnur bæði hér heima og erlendis. Ansi margar ferðir hefur hún farið á norðurlandaráðstefnur og þá síðustu þegar hún var haldin hér á landi árið 2004. En þá lét hún sig sko ekki vanta því áhuginn á nýrri þekkingu og samneyti við aðrar ljósmæður er enn til staðar sem betur fer.

Ljós móðir sem var á norðurlandaráðstefnu með Margréti í Ósló í Noregi

fyrir fáum árum, en þá var Margrét komin um sjötugt sagði einhvertímann frá upplifun sinni af þátttöku Margrétar á norðurlandaráðstefnunni. Einn daginn þegar Margrét hafði setið allan daginn á fyrirlestur og síðar mætt á hátíðarkvöldverði, þar sem hún var að sjálfsögðu flottust allra og skartaði sínum fallega íslenska búning, hafði þessi ljósmóðir verið á leið upp á hótél til að hvíla sig eftir erfiðan dag. En þá var Margrét enn í fullu fjöri, skemmti sér afskaplega vel í félagskap norrænna ljósmæðra sem margar voru orðnar vinkonur hennar, ekki vitund þreytt og alls ekki á leið heim á hótél. Þarna var sú unga mörgum áratugum yngri á heimleið vegna þreytu og syfju en Margrét enn í fullu fjöri og naut sín sem aldrei fyrir. Slíkur var áhuginn og gleðin sem fylgdi því að taka þátt í ráðstefnum alla hennar starfstíð og er enn.

Í dag heiðrum við Margréti fyrir störf hennar í þágu kvenna og í þágu Ljósmaðrafélags Íslands og þökkum henni fyrir þrautseigju hennar og eljusemi sem hún hefur sýnt í gegnum árin í þágu Ljósmaðrafélagsins.

Sigfríður Inga Karlsdóttir

Call for reviewers

Nordisk Jordmoderforbunds kongres 2010

3.-5. juni 2010 i Bella Center, København

Jordmoderforeningen søger frivillige jordemødre til at bedømme de abstrakts, som vil blive indsendt til den 18. kongres i Nordisk Jordmoderforbunds regi.

Jordemødre fra alle de nordiske lande er inviteret til at melde sig som reviewere.

Reviewere vil hver modtage 5-7 abstrakts (på max 1 side) senest den 1. november 2009 og skal kunne returnere deres evalueringer senest den 21. november 2009. Retningslinjer for reviewprocessen vil blive udstedt af Jordmoderforeningens videnskabelige komité.

Tilmelding som reviewer og selve reviewprocessen foretages elektronisk via kongressens hjemmeside: www.njf2010.dk, hvor der også er mulighed for at indsende abstrakts.

Jordemødre, der ønsker at stille sig til rådighed som reviewere, kan tilmelde sig mellem 1. maj og 1. august 2009.

Den videnskabelige komité sammensætter gruppen af reviewere i august, og alle, som har tilbudt deres assistance, vil få at vide, om der er behov for dem senest den 1. september 2009.

Navnene på de jordemødre, som har deltaget som reviewere, vil blive trykt i et særskilt afsnit af kongressens program. Arbejdet som reviewer er ulønnet.

Der er behov for reviewere med mange forskellige kompetencer – se venligst www.njf2010.dk for mere information – da der vil blive indsendt abstrakts til seks forskellige præsentationsformer. Det kan altså være dig med eksempelvis praksiserfaring, forskningserfaring eller erfaring indenfor storytelling vi har behov for.

Du kan vælge at reviewe indenfor en eller flere af følgende fire hovedkategorier:

- 1) dagligt liv som jordemoder
- 2) forsknings- og udviklingsstudier
- 3) uddannelse indenfor jordmoderområdet
- 4) bachelorprojekt i jordmoderkundskab

Vi glæder os til at høre fra jordemødre, der vil være med til den vigtige reviewproces.

Venlig hilsen
Den videnskabelige komité


Jordemoder 2010
Praksis og Videnskab

Þórdísarsjóður

Þórdís Símonardóttir ljósmóðir, Eyrarbakka


Þórdís fæddist að Kvikstöðum í Andakílshreppi í Borgarfirði 22. ágúst 1853. Þórdís fékk snemma áhuga á lækningar- og líknarstörfum og var einungis 18 ára er hún tók á móti fyrsta barninu, þá ólærð heima. Hún tók á móti á þriðja þúsund börnum á rúmum 50 ára starfsferli sínum.¹

Árið 1873-1874 nam Þórdís ljósmóðurfræði hjá Þorbjörgu Sveinsdóttur en þá var Jón Hjaltalín landlæknir. Þorbjörg var Þórdísi jafnan hugstæð en hún tók virkan þátt í málefnum samtíðar sinnar. Þetta hreif hina ungu stúlku og gerði henni námstímann ógleymanlegan og varð traust undirstaða að öllu hennar lífi síðar.²

Árin 1876-1883 gegndi hún ljósmóðurstörfum í Biskupstungnaumdæmi. Þegar hún var þar var hún eitt sinn sótt til Hildar, konu Egils á Kjóstöðum. Þórdís sá undir eins að konan var þannig vaxin að erfitt væri að hjálpa. Ógerningur var að ná til læknis og engar tangir til að hjálpa. Þórdís notaði því silkiklút og móður og barni var bjargað. Barnið lifði og var látið heita hennar nafni - Þórdís.

Þórdís fékk skipunarbréf sitt sem yfirsetukona í Stokkseyrar- og Kaldadarnessóknum í Árnessýslu þann 24. júlí 1883.³ Hún bjó á Eyrarbakka eftir það og gengdi þar störfum til ársins 1926. Auk ljósmóðurstarfsins kenndi hún stúlkum karlmannafatasum í mörg ár og síðustu árin kenndi hún einnig börnum að lesa.

Starf ljósmóður var oft erfitt. Ferðast var í öllum veðrum milli staða og húsakostur og allar aðstæður hinar verstu. Á fátækustu heimilunum vantaði stundum allt til alls svo varla voru til reifar á ungbarnið sem fæðast átti í heiminn innan skamms. Þegar Þórdís kom í slíkar aðstæður reyndi hún að koma öllu í besta horf á skömmum tíma og yfirstíga. Oft gekk það nærri Þórdísi



að sjá slæmar aðstæður mæðra.⁴

Þegar Þórdís hafði starfað í aldarfjórðung í Eyrarbakkaumdæmi færðu konur henni gjafir og þakkarávarp og þegar hún hætti störfum færðu þær henni vandaðan stól og peningagjöf sem þakkir fyrir vel unnin störf.⁵

Á meðan sveitaflutningar tíðkuðust sættu konur oft miskunnarlausri meðferð. Þegar svo bar undir reyndist Þórdís ógleymanleg - með hetjulegri vörn fyrir einstæðinginn þegar valdhafar hugsuðu um það eitt að spara fé. Þessar konur átti Þórdís ævilangt fyrir vini og þetta fólk gleymdi aldrei drengskap hennar og óbilandi baráttuþreki.⁶

Barátta Þórdísar fyrir betri kjörum

Þórdís var mikil baráttukona og gildi það einnig þegar hún reyndi hún að bæta kjör sín. Í gögnum sýslunefndar Árnessýslu er t.d. beiðni sem Þórdís sendi sýslunefnd um launahækkun 1886 og hljóðar svo:

„Hjer með leyfi jeg mjer virðingarfyllst að sækja um, að hinni háttvirtu sýslunefnd mætti þóknast að veita mjer

launaviðbót þá sem heimiluð er í 3. grein yfirsetukvennalaganna af 17. des. 1875.

Vegna þess að hjer á Eyrarbakka er svo þjettbýlt og mannmargt, ber það mjög oft við að jeg er sótt til sjúklinga, þar eð læknir er í fjarlægð. Fyrir þær ferðir þykir mjer eigi taka að heimta borgun, einkum með tiliti til þess að hjer er allur fjöldi manna fátækur. En á hinn bóginn eyðist þó við þetta talsverður tími fyrir mjer, frá vinnu þeirri sem, eftir því sem ástatt er, verður að vera aðal atvinnuvegur minn.“ Beiðninni hafnaði sýslunefnd samhljóða og líka árið 1887.⁷

Höfðað til göfuglyndi og mannúðar

Árið 1879 bað Þórdís um launahækkun þar sem hún hefði þjónað yfirsetukvennaembættinu rúmlega þann tíma sem til væri tekin í lögum að giltu til þess að fá launaviðbót. Hún bæði ekki um launahækkunina að þarflausu því hún hefði aðeins 40 krónur í fastalaun á ári. Í umdæminu væru að meðaltali um 30 barnsfæðingar á ári og þó að sumir

borguðu henni fyrir starfann heiðarlega og framyfir það sem lög tiltóku minnst þá gátu margir ekki greitt vegna fátæktar. Hún hafði því einungis fengið að meðaltali þrjár krónur fyrir hverja fæðingu eða 90 krónur yfir árið og því hefði hún aðeins haft 130 krónur í árslaun.

„Jeg veit að hverjum rjettsýnum manni muni ekki sýnast þetta nægjanlegur lífsstofn þegar þess er gætt, að það er töluvert dýrara að lifa hjer í þessu byggðarlagi heldur en víða til sveita,“ segir í bréfinu. Þórdís bað sýslunefndina um að sýna göfuleyndi sitt og mannúð með því að að kasta nú ekki þessari beiðni undir fætur sér. Sýslunefndin neitaði beiðni Þórdísar með flestum atkvæðum.

Loks árið 1890 fékk Þórdís 20 króna launaviðbót ásamt ljósmæðrunum Margéti Jónsdóttur í Gnúpverjahreppi og Guðrúnu Jónsdóttur í Hrunamannahreppi en sýslunefnd segir jafnframt að til þess að slíkum bænum yrði veitt áheyrn eftirleiðis yrðu yfirsetukonur að fá læknisvottorð um dugnað í ljósmóðurstörfum.⁸

„Laun sem ég hef kúgast undir“

Á tímum fyrri heimstyrjaldarinnar fengu ljósmæður launahækkunar vegna dýrtíðarinnar en árið 1918 sendi Þórdís, sem var þá orðin 65 ára, sýslunefnd bréf þar sem hún fór fram á laun sem hún gæti lifað af. Hún sagðist ekki komast af með minna en 700 krónur og væri orðin of lasburða til að vinna fyrir sér á annan hátt en að gegna stöðu sinni. Jafnvel þótt engin dýrtíð væri gæti hún ekki komist af með þau smáanlega litlu laun sem hún hefði kúgast undir árum saman og gæti ekki skoðast öðruvísi en sem lítilfjörleg þóknun. „Nú þegar jeg er komin á efri ár og orðin ófær til áreynslu, hlít jeg að vænta þess að geta lifað af stöðu minni, enda ekki til mikils mælst, þar sem jeg hef gegnt erviðri og vandasamri stöðu í 44 ár,“ skrifaði hún.⁹

Tillaga um áskorun felld í sýslunefnd

Fjármálanefnd sýslunefndar Árnessýslu fjallaði um beiðni hennar og annarra yfirsetukvenna sýslunnar sem fóru fram á venjulega dýrtíðaruppbót. Nefndin sá sér ekki fært að verða við beiðni Þórdísar: „ætlast hún til að launin verði svo rífleg að hún geti lifað á þeim eingöngu. Nefndin sjer ekki fært að verða við þeirri kröfu, því að þar mundu fleiri á eptir koma.“ Fjármálanefndin

benti hins vegar á að vel færi á því að Eyrarbakkaahreppur veitti Þórdísi nokkra launaviðbót úr sveitarsjóði þar sem hún hefði þjónað mjög lengi. Samþykkt var á sýslunefndarfundum að veita ljósmæðrum á Eyrarbakka og Stokkseyri 50% dýrtíðaruppbót af föstum launum en öðrum ljósmæðrum 30%. Séra Gísli Skúlason bar upp tillögu um að sýslunefndin skoraði á Alþingi og landsstjórn að hlutast til um að yfirsetukonustörf í kaupstúnum væru aðalatvinna þeirra sem þar ynnu og því bæri að launa þeim samilega af landssjóði. Tillagan var felld með fimm atkvæðum gegn fjórum.¹⁰

Eftirlaun Alþingis

Á sjötugasta aldursári sínu, árið 1923, sótti Þórdís um eftirlaun frá Alþingi en tveir alþingismanna Sunnlendinga, Eiríkur Einarsson og Þorleifur Guðmundsson, sem var sonur Guðmundar Ísleifssonar, báru fram tillögu um 700 króna ellistyrk til hennar. Í umræðum á Alþingi um styrkinn kemur fram hræðsla við að styrkur til yfirsetukonu myndi skapa fordæmi og að þær allar færu fram á eftirlaun í kjölfarið. Eiríkur sagði hins vegar að Þórdís hefði starfað af dugnaði og trúmennsku í yfir 50 ár og hann álti að þingið gerði rétt í því að gleðja hana og hjálpa á elliárunum.

„*Það, sem sýslufjelögin með lög-mætri íhlutun ríkisins láta af hendi rakna til slíkra kvenna, er svo lítið einatt, að þær hafa ekki nóg af að lifa á uppgjafaldri.*“¹¹

Eiríkur benti á að staða yfirsetukvenna í kaupstöðum og sveitum væri ólík. Í sveitunum væru það oft bændakonur sem gegndu starfi þessu og þegar þær létu af því sökum aldurs yrði engin breyting á lífskjörum þeirra. Öðrum máli gegndi í kaupstöðunum en þar væru það oft og einatt tómthúskonur sem ættu að engu að hverfa þegar þær hættu störfum.¹²

Þórdís fékk ekki styrkinn að þessu sinni og síðar sama ár birtist bréf frá henni í nýstofnuðu Ljósmæðrablaði. Kvæði sem hún hafði fengið sent frá þakklátum vinum hennar fylgdu með en Þórdís segir sjálf:

Af þessum kvæðum, þótt stutt sjeu, sjáum við að til eru menn og konur, sem hafa opin augu fyrir starfi okkar. - En við þurfum einnig sjálfar að hafa opin augun og reyna að láta ekki bjóða okkur sömu kjör og verið hefir, þar sem í laganna nafni eru lagðar á okkur miklar skyldur, en mjög takmörkuð rjett-

indi. Við megum ekki búast við að aðrir hjálpi okkur ef við gerum ekkert sjálfar. Þessi kjör, sem okkur eru boðin, bjóða þeir engum karlmanni; þeir tækju ekki við slíku starfi upp á þessi kjör. ... Jeg ímynda mjer að ykkur sje ekki öllum kunnugt, að jeg sótti í vetur sem leið um ellistyrk til þingsins, eftir fimtíu ára starf. Náttúrulega þrotin að kröftum. - Það er svo tilfinnanlegt að lifa undir þessu þjóðfjellagsfyrirkomulagi, sem mjer finst lítinn tilverurjett eiga. Í Alþingistíðindunum er hægt að sjá, hvað þeir líta sanngjarnlega á málin.¹³

Í janúar 1926 samþykkti sýslunefnd Árnessýslu umsókn Þórdísar um eftirlaun, með níu atkvæðum gegn sex. Eftir það fékk hún 250 kr. á ári frá sýslunni sem nam u.þ.b. einum mánaðarlaunum karls í hafnarvinnu í Reykjavík.¹⁴ Fáum árum síðar ákvað Alþingi að veita henni 500 króna eftirlaun á ári og er það fyrsti ellistyrkur sem ljósmóðir fékk á Íslandi.¹⁵

Þórdís keypti húsið Brennu árið 1925 og bjó þar til æviloka ásamt Ágústu kjördóttur sinni. Hún lést árið 1934, tæplega áttræð að aldri.¹⁶

Heimildir

1. Íslenskar ljósmæður I, 246.
2. Íslenskar ljósmæður I, 248.
3. Í vörslu Þórdísar Karelsdóttur.
4. Íslenskar ljósmæður I, 250-251.
5. Íslenskar ljósmæður I, 251.
6. Íslenskar ljósmæður I, 252.
7. Héraðsskjalasafn Árnessýslu. Sýslunefndarskjöl 1880-1889. Bréf dagsett 10. apríl 1886 og Fundargerðarbók 1886 og 1887.
8. Héraðsskjalasafn Árnessýslu. Sýslunefndarskjöl 1880-1889. Bréf dagsett 20. apríl 1889 og Fundargerðarbók 1889 og 1890.
9. Héraðsskjalasafn Árnessýslu. Sýslunefndarskjöl 1880-1889. Bréf dagsett 6. apríl 1918.
10. Héraðsskjalasafn Árnessýslu. Sýslunefndarskjöl 1880-1889. Fundargerðarbók 1918.
11. Alþingistíðindi 1923. 35. löggjafarþing. B umræður um samþykkt lagafrumvörp með aðalefnisyfirliti. Bls. 818.
12. Alþingistíðindi 1923. Bls. 876.
13. Ljósmæðrablaðið 1. árg. 4. tbl. okt. 1923. Brjef 51-53.
14. Héraðsskjalasafn Árneseinga: Sýslufundur Árnessýslu 1917-1930. Fundur 27. janúar 1926 og Tölfræðihandbók 1984.
15. Íslenskar ljósmæður. Æviþættir og minningar I. bls. 246.
16. Í vörslu Þórdísar Karelsdóttur: Leiguafsal eigenda jarðarinnar Skúmstaða 20. júní 1925.

Eyrún Ingadóttir

ALSO námskeið

- í fyrsta sinn á Íslandi

Dagana 14. og 15. maí síðastliðinn var haldið ALSO námskeið í fyrsta sinn hér á landi. ALSO (Advanced Life Support in Obstetrics) er alþjóðlegt námskeið ætlað læknum og ljósmæðrum sem sinna konum á meðgöngu og í fæðingu og miðar að því að viðhalda þekkingu og þjálfu rétt viðbrögð við bráðatilfellum á meðgöngu og í fæðingu. Á hverju námskeiði eru 8 leiðbeinendur en fjöldi þátttakenda á hverju námskeiði er að hámarki 24.

Innleiðing ALSO námskeiðanna á Íslandi er samstarfsverkefni kvennasviðs Landspítala og Ljósmæðrafélags Íslands. Kvennasvið Landspítalans hefur tekið að sér að hafa umsjón með ALSO námskeiðunum á Íslandi en styrktarsjóður Ljósmæðrafélags Íslands veitti styrki til þjálfunar þeirra ljósmæðra sem leiðbeina á námskeiðinu og einnig til kaupa á kennslugögnum. Undirbúningur fyrir þetta námskeið stóð yfir í u.þ.b. ár en aðdragandinn er þó mun lengri. ALSO námskeiðin á Íslandi eru haldin í samvinnu við ALSO í Skandínavíu sem hefur verið okkur innan handar við að innleiða námskeiðin á Íslandi.

Leiðbeinendur á námskeiðinu voru ljósmæðurnar Anna Sigríður Vernharðsdóttir, Guðrún Sigríður Ólafsdóttir, María Guðrún Þórisdóttir og Sigrún Kristjánsdóttir og fæðingarlæknarnir Hulda Hjartardóttir, Ragnheiður Inga Bjarnadóttir, Sigrún Hjartardóttir og Berglind Steffensen sem hafði yfirumsjón með námskeiðinu. Íslensku leiðbeinendurnir sóttu ALSO námskeið ýmist í Danmörku eða Bretlandi síðast liðinn vetur og sóttu svo leiðbeinendannámskeið á vegum ALSO í Skandínavíu sem haldið var hér á landi 12. og 13. maí síðast liðinn. Íslensku leiðbeinendurnir eru nú allir viðurkenndir ALSO-leiðbeinendur. Þar sem þetta var í fyrsta sinn sem námskeiðið er haldið á Íslandi voru tveir danskir ALSO-leiðbeinendur þeim íslensku til halds og trausts. Ritari ALSO á Íslandi er Anna Haarde. Hennar hlutverk er að sjá um skráningu á námskeiðin, dreifingu lesefnis fyrir



Leiðbeinendur námskeiðsins



Græni hópurinn

námskeið og síðast en ekki síst að allt gangi smurt fyrir sig og að öll tímamörk standist.

Námskeiðið er krefjandi, skemmtilegt og að sjálfsögðu mjög gagnlegt. Fjölbreyttar kennsluáðferðir eiga eflaust stóran þátt í því hversu lifandi námskeiðið er. Hefðbundnir fyrirlestrar eru fáir en kennslan fer að mestu leyti fram í litlum hópum þar sem tekin eru fyrir ákveðin tilfelli og handbrögð æfð á brúðum. Þátttakendur taka mjög virkan þátt allan tímann og þurfa því að hafa farið vel í gegnum lesefnið fyrir námskeiðið.

Helstu þættir námskeiðsins:

- Sjúkdómar og bráð vandamál á meðgöngu
- Fyrirburafæðingar / PPROM
- Langdregnar fæðingar
- Eftirlit fósturs í fæðingu
- Axlarklemma
- Áhaldafæðingar
- Afbrigðilegar stöður – Sitjandi fæðing
- Blæðing eftir fæðingu
- Endurlífgun þungaðra kvenna
- Endurlífgun nýbura

Til að ljúka námskeiðinu þurftu þátt-



Blái hópurinn



Rauði hópurinn

takendur að ná skriflegu og verklegu prófi og taka þátt í öllum hlutum námskeiðsins. Verklega prófið byggir á þeirri kennslu sem fram fer á námskeiðinu en skriflega prófið (krossapróf) byggir auk þess á því lesefni sem þátttakendur fá sent fyrir námskeiðið. Það er því nauðsynlegt að lesa vel yfir námsefnið til að fá sem mest út úr námskeiðinu. Námsgögnin og krossaprófið eru á ensku en námskeiðið fór fram á íslensku.

Að mati þátttakenda og leiðbeinenda tókst námskeiðið mjög vel og stefnt er að því að halda aftur ALSO námskeið innan tíðar, vonandi strax næsta haust. Námskeiðið var haldið í fundar- og kennsluáðstöðu Landspítala í Kópavogi en þar er frábær aðstaða sem hentar vel fyrir námskeið af þessu tagi. Þrátt fyrir stífa dagskrá voru stuttar pásur inn á milli þar sem hægt var að viðhalda blóðsykrinum með ávöxtum, kökum eða öðru góðgæti. Einnig var góður hádegismatur, matreiddur af krökkunum í Fjölsmiðjunni undir dyggri stjórn Jónasar Hallgrímssonar.

Anna Sigríður Vernharðsdóttir

† Minning

Hjördís Karlsdóttir

*Geturðu sofið um sumarnætur?
-senn kemur brosandir dagur. –
Hitnar þér ekki um hjartarætur,
hve heimur vor er fagur?
Finnurðu hvað það er
broslegt að bogna
og barnalegt að hræðast,
er ljósmóðurhendur himins og jarðar
hjálpa lífinu að fæðast?
Er ekki gaman að eiga þess kost
að orka þar nokkru í haginn,
og mega svo rólegur kveða að kvöldi
með kærri þökk fyrir daginn?*

Þessar kunnugu ljóðlínur og spurningar Sr. Sigurðar Einarssonar í Holti koma upp þegar hugurinn leitar til Hjördísar Karlsdóttur Ljósmóður, sem hefði nú á bjartri sumarnóttu orðið 74 ára.

Hjördís er okkur mörgum ljósmæðrum minnisstæð. Hún var sjálfstæð, myndarleg og skemmtileg. Örugg

og fær í ljósmóðurstarfinu miðlaði hún af mikilli þekkingu og reynslu. Þegar nám ljósmæðra fluttist í Háskóla Íslands árið 1996, var það gefið og sjálfsagt að til hennar væri leitað um kennslu í ljósmóðurfræði bæði bóklega og verklega. Til að mynda var reynsla hennar og sérþekking í sitjandafæðingum mikil og ekki vílaði hún fyrir sér að halda fyrirlestra og safna saman miklu efni fyrir nemendur. Henni var í mun að þekking og reynsla ljósmæðra í fæðingarhjálp í sitjandafæðingum glataðist ekki.

Hjördís tengdi saman kynslóðir ljósmæðra í námi og starfi á fæðingardeild Landspítala og árið 2008 varð hún 50 ára ljósmóðir. Hún fylgdist vel með og mætti eins og oft áður á málstofuna til að hlusta á verðandi ljósmæður kynna lokaverkefni sín. Þar samfagnaði hún með nýjum ljósmæðrum og stolt af þeim talaði hún til þeirra og hvatti með öryggi



kvenna og hag barna þeirra fyrir brjósti.

Hjördís er sofnuð svefninum langa og minningar um hana lifa. Hún hafði sannarlega „ljósmóðurhendur himins og jarðar er hjálpa lífinu að fæðast“. Fyrir hönd námsbrautar í ljósmóðurfræði við Háskóla Íslands, þakka ég „fyrir daginn“ og mikilvægt framlag hennar til menntunar ljósmæðra.

*Ólöf Ásta Ólafsdóttir,
námsbrautarstjóri*

† Minning

Kristrún Bóasdóttir

Ljósmæðrablaðinu barst fyrir skömmu minningargrein sem skrifuð var um Kristrúnu Bóasdóttur sem lést 1927, einungis 35 ára frá mörgum ungum börnum. Kristrún var ljósmóðir í Reyðarfjarðarumdæmi frá 1903 - 1927 og er athyglisvert að finna tíðarandann sem skín í gegn í þessari stuttu grein. Greinin er birt með góðfúslegu leyfi.

Ég kom til Reyðarfjarðar sumarið 1926, þar sem æskustöðvar mínar eru og þær heilsuðu mjer með blíðu og glaða sólskini. Fjöllin gnæfðu há og tiguleg og spegluðu sig í lygnum firðinum. Óteljandi myndir frá æskudögum mínum komu mér í hug, ég hefði vel getað talið sjálfri mjer trú um að ég væri aftur orðin barn. Lífið er stundum vakandi draumur. Ég leit yfir byggðina. Sólin faðmaði hana að sjer í ástúð Guðs eigin kærleika – kyrrðin var fögur.

Undir háu klettóttu fjalli stendur lítill bær í grænni laut. Hamraborgir risavaxinna kletta lykja hann örmum, hvítfyssandi elfur steypast ofan háa stalla, vökva grænar brekkur og breiðast um grýttar sandbornar eyrar, uns þær ná takmarki sínu og blandast hinum blálygna sæ.

Ég gekk upp með ánni. Ég hafði gaman af að horfa á hvernig vatnið velti sjer yfir jarðföstu björgin í árbotninum, og brunaði áfram með háværum söng, og áin minnti mig á að “straumur tímans stöðvast eigi“ og hugur minn barst til horfinna stunda. Ég sá hversu sá staurmur hafði borið á brott svo marga, sem áður höfðu fagnað mjer á þessum slóðum.

Ég gekk heim að bænum um gróðurrikt tún sem bar þess menjar að iðju-samar hendur höfðu árum saman hirt það og ræktað.

Gulir sóleyjakollarnir bærðust í sumar-blænum sem bar með sjer ilm og angan.



Ég nam staðar utanvert á hlaðinu. – Mér finnst ég standi þar aftur núna og sjái vinkonu mína koma á móti mér með bros á brá og blíða svipinn í góðlega andlitinu, með friðarmerki Drottins í dökku, dúpu augunum. Ég bjóst við henni svona.

Ég þekkti hjartalag hennar og trúar-traustið. Ég vissi að hún átti öruggt hæli í öllum þrautum og sorgum, ég vissi að hún átti Jesúm Krist fyrir „einkavin í hverri þraut“. Við leiddumst eins og systur í bæinn, litla bæinn hennar, þar

sem hún var borin og barnfædd.

Á stofupílinu gegnt dyrunum hjengu tvær myndir af ungum fallegum piltum. Ég spurði einskis, ég vissi að þetta voru myndir af drengjunum hennar, sem höfðu báðir drukknað sama daginn fyrir skömmu.

„Þetta eru blessaðir drengirnir mínir“ sagði hún þá. Og við settumst saman og hún sagði mjer frá drengjunum sem kvöddu föður og móður og systkinahópinn, en – komu aldrei heim aftur. Báðir í einu voru þér kvaddir burt – heim, af honum, sem gefur og tekur, – og hún bætti við: Lofað veri nafn hans!

Yndislega ánægjustund dvaldi jeg á heimili hennar. – Ógleymanlegar friðarstundir, þar sem Guði er falið allt!

Og sú stund kom mjer í huga, er mjer barst andlátsfregnin hennar í símskeyti, að kveldi þess 30. desember s.l. Skeytið var stutt: „Kristrún Bóasdóttir andaðist í dag“. – Örfá orð, sem sögðu þó

svo mikið! Móðir er látin, eiginkona, húsfreyja er horfin sjónum, elskuleg dóttir, systir og hollvina er dain! Með henni er horfin ein af lands vors bestu dætrum, kona, sem með daglegri framkomu ávann sjer hylli og traust allra, sem til þekktu.

Kristrún Bóasdóttir var fædd 23. desember 1882 í Borgargerði í Reyðarf. Foreldra hennar voru heiðurshjónin Bóas Bóasson, látinn fyrir nokkrum árum, og Sigurbjörg Halldórsdóttir Jónssonar, bróður síra Hallgríms heitins prófests að Hólmum í Reyðarfirði; voru þeir bræður af hinni góðkunnun Reykjavíðarætt. Kristrún var komin af ágætisfólki í báðar ættir, og sameinaði hún vel kosti forfeðra sinna. Hún var prýðisvel gefin í hvívetna, og að öllu drengur hinn besti.

Ljós móðir Reyðfirðinga (á innsveit) var hún því nær 25 ár, hefði hún lifað til vorsins væru þau fullnuð, og hafði hún þá á orði við vini sína að lyfta sjer upp

og bregða sjer til Reykjavíkur. En förinni var heitið annað fyrir hennar hönd.

Ljós móðurstörfinn fórust henni afbragðsvel. Hún átti bæði þrekmikla lund og brast því aldrei áráði, en engu síður viðkvæma og hlýja lund, sem tók innilegan þátt í kjörum allra bágstaddra.

Kristrún giftist um tvítugsaldur eftirlifandi manni sínum, Jóhanni Malmqvist frá Áreyjum í Reyðarfirði; þau eignuðust 16 börn, og lifa 10 móður sína.

Er harmur sár að þeim kveðinn svo og aldurniginni móður, systur og bræðrum og vinum öllum fjær og nær.

Kristrún varðveitti til hinustu stundar hreint hugarfar og barnslega trú, – húsitt hafði hún byggt á bjargi, bjargi aldanna, þess vegna bifaðist hún eigi þótt holskeflur sorgarinnar skyllu yfir; það er bjart yfir minningu hennar. Veri hún blessuð Drottini um eilífð

Guðrún Lárusdóttir

Call for reviewers

18th Nordic Midwifery Congress 2010

The Danish Association of Midwives is seeking midwives as volunteers to review abstracts submitted to the 18th Nordic Midwifery Congress, which is held on **June 3rd-5th 2010** in Copenhagen.

Midwives from the Nordic countries are invited to actively participate in the planning of the 2010 program by reviewing abstracts.

Reviewers will each receive 5-7 submissions (max 1 page each) by November 1st 2009 and must return their evaluations by November 21st 2009. Guidelines for the review process will be issued by the Nordic Midwifery Congress' Scientific Committee.

As with the submission of abstracts both signing up to serve as reviewer and the review process will be managed on the web. Signing up for serving as a reviewer opens May 1st 2009 and closes August 1st 2009 – please follow the instructions on the website: www.njf2010.dk

The Scientific Committee will put the needed group of reviewers together in August and all applicants will know whether their services are needed before September 1st 2009.

The names of the reviewers will be printed in a separate section of the Congress program.

Reviewers with many different kinds of competences are needed, as submissions of abstracts for the congress can be made for six different kinds of presentation forms. It can be midwives with e.g. practice experience, research experience or experience in storytelling, we need.

When signing up as a reviewer you must choose one of the following 4 main categories:

- 1) Daily life as a midwife
- 2) Research and development studies
- 3) Education within midwifery
- 4) Undergraduate projects in midwifery

When following a sign-up link on www.njf2010.dk you will be asked to make a further choice of one or more tracks that match your professional competences and interests. You are very welcome to sign up as a reviewer for more than one category and more than one track.

Best Regards
Nordic Midwifery Congress' Scientific Committee



Jordemoder 2010
Praksis og Videnskab

Oddrún - Félag ljósmæðranema



Formlega komnar á 2.ár – Efri röð t.v. Guðrún Huld, Guðrún, Ólafía, Ingibjörg, Oddný, María, Guðlaug. Neðri röð t.v. Hrafnhildur, Sigríður, Elín Arna.

Það var með mikilli tilhlökkun sem við nýnemar mættum í fyrstu heimsókn í kennslustofu ljósmæðra í Eirbergi þann 23. maí 2008. Reyndar höfðum við komið í stofuna einu sinni áður, það var í viðtal við Ólöfu Ástu og Helgu Gottfreðsd. vegna umsóknar í ljósmóðurfraeði en þá vorum við allar svo stressaðar og tókum ekki eftir neinu öðru í kringum okkur en þeim tveim. Við vorum fimm af tíu sem gátum komið í þessa flottu móttöku „eldri systra“ sem tóku einstaklega vel á móti okkur með hlaðborði af kræsingum sem hefði getað mettað mikið fleiri munna en okkar. Við fengum þarna af því fregnir að með okkur í náminu yrðu tveir fjarnemar af Austurlandi og leist okkur vel á það. Eldri systur okkar eru tólf, og voru því einhverjar í okkar hópi svo ljónheppnar að eignast tvær systur en þær hafa allar reynst okkur „yngri“ einstaklega vel. Í móttökunni sem þær héldu okkur þann 23. maí kynntu þær námið vel og leiddu okkur í allann sannleikann varðandi kennsluna, bókakaup og svo auðvitað félagslífið. Þær sögðu okkur frá Oddrúnu, félagi ljósmæðranema og netsíðu félagsins sem þær stöllu (með

Hörpu Ósk í fararbroddi fylkingar) höfðu útbúið sérstaklega fyrir ljósmæðranema. Okkur langar að segja ykkur, lesendum blaðsins, aðeins nánar frá netsíðu Oddrúnar. Við fyrsta árs nemar fengum afhent lykilorð til að komast inn á þessa spjallsíðu sem inniheldur miklu meira en spjall því þar er að finna upplýsingar um flest sem tengist ljósmæðranám-



Frá árshátíð Oddrúnar.

inu. Þar voru stelpurnar búnar að setja inn ýmis verkefni sem þær höfðu gert, áhugaverðar greinar, myndbönd um fæðingar, áhugaverða tengla, anatomiu, persónulegar upplýsingar ásamt myndum af börnum þeirra, myndir úr félagslífinu og meira að segja uppskriftir

en það er nú eitthvað sem við konur höfum alltaf endalausan áhuga á. Síðast en ekki síst er á Oddrúnar síðunni blogg og spjalldálkar sem við getum nýtt okkur með því að setja inn spurningar og ábendingar sem við viljum koma á framfæri. Þetta eru læstir spjalldálkar, þ.e. annað árið er með spjalldálk fyrir sig sem við yngri nemar getum ekki séð og svo öfugt. Við erum svo með sameiginlegan „blaðurdálk“ sem er fyrir bæði árin og notum við hann til að leita ráða hjá eldri systur og þar koma fram ýmis skemmtileg svör og góðar ráðleggingar. Einnig hafa aðgang nokkrar nýútskrifaðar ljósmæður og hefur sérstaklega ein þeirra verið með góð og gagnleg innlegg í umræður á blogginu. Á Oddrúnarsíðunni getum við einnig gefið einhverjum „hrós dagsins“ og það er gaman því öllum finnst gott að fá svolítið klapp á bakið og mættum við eflaust gera meira af því svona almennt á þessum síðustu og verstu tímum því ekki fáum við hrósið í launaumslagið.

Með bestu kveðju
f.h. Oddrúnar félag ljósmæðranema
Guðrún I. Gunnlaugsdóttir

Lokaverkefni ljósmæðranema 2009

Kynning á lokaverkefnum ljósmæðranema fór fram í Eirbergi 22. maí 2009. Flutt voru 11 verkefni en í vor útskiptast 12 ljósmæður. Í þessari grein verður stiklað á stóru um hvert verkefni, sem voru fjölbreytt að vanda. Í lok dagsins var athöfn þar sem nýjar ljósmæður fengu m.a. merki félagsins afhent. Síðar um kvöldið var gleðskapur sem stóð lengi frameftir, þar sem komu saman ljósmæður, kennarar og aðstandendur hinna nýútskrifaðra ljósmæðra. Ritnefnd Ljósmæðrablaðsins óskar nýútskrifuðum ljósmæðrum til hamingju með áfangann.

Upplýsingaöflun verðandi mæðra um fósturskimun/sónar á fyrsta þriðjungi meðgöngu

Höfundur: Hanna Rut Jónasdóttir

Leiðbeinendur: Helga Gottfreðsdóttir, lektor og Hildur Kristjánsdóttir, aðjunkt.

Megintilgangur þessarar forrannsóknar felst annars vegar í að skoða hvaðan konur fá upplýsingar um fósturskimun og hins vegar á hvern hátt og hvaðan þær óska eftir að fá þær upplýsingar. Helstu niðurstöður voru að flestar höfðu fengið upplýsingar um fósturskimun frá ljósmóður eða 69,1% en 66,7% af netinu. Frá vinum fengu 57,1% upplýsingar, 47,6 % frá fæðingar- og kvensjúkdómalækni og að lokum 38,1% úr bæklingi. Konurnar vilja helst fá upplýsingar bæði munnlega og skriflega. Konur vilja fá upplýsingar á fleiri en einn hátt. Flestar konur álitu munnlegar upplýsingar mikilvægastar en upplýsingar á skriflegu formi fylgdu fast á eftir og þá samhliða munnlegum upplýsingum.

Foreldrafræðslunámskeið: Aðgengi að upplýsingum og ástæða þátttöku íslenskra foreldra

Höfundur: Halldóra Kristín Halldórsdóttir

Leiðbeinandi: Helga Gottfreðsdóttir

Tilgangur rannsóknarinnar var að fá upplýsingar um aðgengi íslenskra verð-



Inga Sigríður, Arney, Hanna Rut, Hrafnhildur K. Erla Rúun, Hrafnhildur Margrét, Harpa Ósk, Halldóra Kristín, Hildur Aðalheiður, Hallfríður, Þórunn og Sigrún Rósa.

andi foreldra að upplýsingum um foreldrafræðslunámskeið, ásamt því að komast að ástæðum fyrir þátttöku. Rannsóknin er hluti af stærra verkefni sem felur í sér að skoða notagildi fæðingarfræðslunámskeiða frá sjónarhorni foreldra. Niðurstöður sýna að aðgengi að upplýsingum um foreldrafræðslunámskeið er mjög gott þar sem flestir foreldrar fá upplýsingar um námskeiðin hjá ljósmóður. Tæplega helmingur taldi sig fá góðar útskýringar hjá ljósmóður verðandi innihald námskeið. Helstu ástæður fyrir þátttöku voru að þiggja þá fræðslu sem í boði var, til að minnka kvíða og áhyggjur og að heilbrigðisstarfsfólk mælti með námskeiðinu. Stór hluti feðra fór á námskeið vegna hvatningar frá maka. Foreldrum fannst almennt mjög mikilvægt að geta tekið þátt í námskeiðunum.

Ofbeldi er meðgönguvandamál: Nálgun ljósmæðra í meðgönguvernd

Höfundur: Hallfríður Krisín Jónsdóttir

Leiðbeinendur: Sigríður Sía Jónsdóttir, ljósmóðir og Helga Gottfreðsdóttir, lektor.

Tilgangur þessarar eigindlegu rannsóknar var að skoða nálgun ljósmæðra í meðgönguvernd á viðfangsefninu ofbeldi í nánnum samskiptum. Leita ljósmæður eftir upplýsingum um ofbeldi í meðgönguvernd og eru einhverjir þættir sem hindra þær í að spyrja? Markmið rannsakanda var að vekja athygli á stöðunni í meðgönguvernd hérlandis. Niðurstöður leiddu í ljós að ljósmæðrunum fannst mikilvægt að allar konur á meðgöngu væru spurðar um ofbeldi. Skiptar skoðanir voru á því hvenær og hvernig best væri að spyrja og hvernig skrá ætti ofbeldi í meðgönguskrána. Nokkrir þættir hindruðu þær í að spyrja eins og viðkæmni málefnisins, tímaskortur og viðvera barnsföður. Þörf á aukinni þjálfun, æfingum og fræðslu fyrir ljósmæður um ofbeldi kom skýrt fram. Atriði sem munu stuðla að því að ljósmæður leiti upplýsinga um ofbeldi á meðgöngu voru nokkur. Að skipulagt sé að konan komi einhvern tímann ein og að gert sé ráð fyrir reit í mæðraskránni eru leiðir sem mundu hjálpa ljósmæðrum.

Jóga á meðgöngu og upplifun fæðingar "...Að fagna verkjum, bjóða þá velkomna og anda"

Höfundur: Hildur Aðalheiður Ármannsdóttir
Leiðbeinandi: Dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir

Þetta lokaverkefni er fræðileg samantekt um jóga á meðgöngu og upplifun af fæðingu. Tilgangur verkefnisins er tvíþættur, annarsvegar að fjalla um meðgöngujóga og áhrif þess á þungaðar konur, barnið og fæðinguna og hins vegar að skoða upplifun þeirra kvenna af fæðingum, sem stundað hafa jóga á meðgöngu. Allar rannsóknir sem gerðar hafa verið um jóga á meðgöngu mæla með ástundun jóga og það er ekkert sem bendir til að konur megi ekki stunda jóga á meðgöngu. Það sem var sameiginlegt með fæðingasögnum var að konurnar upplifðu allar sína fæðingu jákvætt, höfðu mikla trú á eigin getu og traust á líkamanum og þeim fannst jóga hjálpa sér í gegnum fæðinguna. Þær nýttu sér margt úr tímunum svo sem: haföndun, slökun, jákvæða hugarfarið, andlega undirbúninginn, tenginguna inn á við, þriðja augað, fræðsluna og samvinnuna við barnið. Margt er líkt með hugmyndafræði jóga og ljósmæðra hvað varðar áherslu á heildrænt lífeðlislegt barneignarferli, sjálfstæðar ákvarðanir og styrkingu kvenna.

Dúlur: Áskorun eða ógnun við ljósmæður?

Höfundur: Hrafnhildur Margrét Bridde
Leiðbeinandi: Dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir

Þetta er fræðileg úttekt á hlutverki dúla, áhrifum á fæðinguna og upplifunum kvenna. Dúlum fjölgar og umfjöllunin svarar því hvort þær ógni ljósmæðrum eða séu einungis áskonun um að sinna samfelldri þjónustu og yfirsetuhlutverkinu. Dúla þýðir kona sem hugsar um konu. Nútíma skilgreiningin er stuðningsaðili í barneignarferlinu sem veitir samfelldan stuðning, sálrænan og líkamlegan. Rannsóknir sýna minni inngrípa- og keisaratiðni, styttri fæðingar og færri vökudeildarinnlagnir, sérstaklega ef dúlur eru ekki stofnanabundnar, byrja stuðninginn snemma og hjá félagslega illa stöddum konum. Í spítalalambhverfinu eiga ljósmæður erfitt með að mæta væntingum og þörfum kvenna um samfellda þjónustu í gegnum barneignarferlið og yfirsetu í fæðingu. Þar ógna dúlur ljósmæðrum. Áskorunin er sú að ljósmæður viðurkenni góð áhrif dúla, vinni jafnvel með þeim til hagsbóta fyrir konur en leiti jafnframt leiða til þess að standa vörð um starf sitt, efla

samfellda þjónustu og vernda yfirsetuhlutverkið.

Mænurótardeyfing í fæðingu: Reynsla frumbyrja

Höfundur: Þórunn Pálsdóttir

Leiðbeinandi Helga Gottfreðsdóttir, lektor

Notkun mænurótardeyfingar í fæðingum á kvennasviði LSH hefur aukist á síðustu árum. Sú þróun hefur orðið samfara aukinni notkun á óhefðbundnum verkjameðferðum. Tilgangur



Halldóra Kristín flytur sitt erindi.

þessarar rannsóknar var að kanna reynslu frumbyrja af mænudótardeyfingu í fæðingu. Jafnframt því að þróa viðtalsramma fyrir slíka rannsókn. Niðurstöður sýna að reynsla tveggja frumbyrja af notkun mænurótardeyfingu í fæðingu er jákvæð en önnur þeirra lýsti neikvæðum tilfinningum eftir fæðinguna yfir því að hafa þurft að nýta sér mænurótardeyfinguna. Ákvarðanatataka um að þiggja mænurótardeyfingu er flókið fyrirbæri þar sem margir þættir hafa áhrif. Þar ber hæst þætti eins og að önnur verkjameðferð skilaði ekki nægum árangri, langdregin hægur fasi og verkir. Konurnar upplifðu sig við stjórn í fæðingunni og voru ánægðar með stuðning sinn ljósmæðra. Reynslusögur og ráðleggingar fjölskyldu og vina hafa mikil áhrif á frumbyrjur þegar kemur að því að velja mænurótardeyfingu í fæðingu. Allar konurnar höfðu sótt foreldrafræðslunámskeið. Rannsóknin gefur tilefni til að skoða ákvarðanatöku um val á mænurótardeyfingu frá ýmsum sjónarhornum.

Langtímaafleiðingar grindarbotnskaða eftir fæðingar

Höfundur: Sigrún Rósa Vilhjálmsdóttir

Leiðbeinandi: Sigfríður Inga Karlsdóttir, lektor við HA

Hluti kvenna glímir við afleiðingar grindarbotnsáverka í fæðingum árum

saman sem valda marvíslegum óþægindum. Tilgangur verkefnisins var að skoða langtímaafleiðingar áverka sem verða í fæðingum, á grindarbotn og aðlægg líffæri, helstu orsaka- og áhættuþætti og hvort mögulegt sé að draga úr þessum afleiðingum með einhverjum hætti. Þvagleki, hægðaleki, sig á grindarbotnslíffærum og kynlífsvandamál er það sem truflar daglegt líf kvenna mest og minnkar lífsgæði en í því felst meðal annars félagsleg einangrun, minni starfsgeta og andleg vanlíðan. Algengustu orsaka- og áhættuþættir skaða á grindarbotnslíffærum eru áhaldafæðingar, einkum notkun fæðingatanga, spangarskurðir, langt annað stig fæðingar, stór börn og fæðing fyrsta barns. Rétt greining á áverkum og vönduð viðgerð á þeim er mikilvæg til að koma í veg fyrir langtímaáhrif, einnig að forðast að stýra konum í rembingshríðum og fæðingarstillingar geta skipt máli. Kröfur kvenna um að fæða með keisaraskurði til þess að komast hjá áverkum á grindarbotn verða æ algengari og í sumum tilfellum kemur það í veg fyrir áverka, en hafa ber í huga að keisaraskurður er stór aðgerð og ekki áhættalaus, því er álitamál hvort hann er réttlætanlegur í þeim tilgangi. Líklega mun aldrei verða hægt að koma í veg fyrir langtímaafleiðingar grindarbotnskaða en flest bendir til að hægt sé að draga úr þeim að einhverju leyti.

Fæðingarsögur og reynsla norðlenskra kvenna af barnsfæðingu fjarri heimili, samfélagi og fjölskyldu

Höfundur: Inga Sigríður Árnadóttir

Leiðbeinandi Dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir

Þjónusta á landsbyggðinni hefur verið dregin saman hér á landi með öryggis- og hagræðingarsjónarmið í huga. Því þurfa konur oft að ferðast langar vegalengdir og jafnvel að flytja að heiman í einhvern tíma fyrir fæðingu. Þetta verkefni er hluti af stærri rannsókn um þetta efni á Íslandi. Þýði rannsóknarinnar voru konur sem höfðu fætt barn fjarri heimabyggð á Norðurlandi á síðustu 18 mánuðum, tekin voru viðtöl við 6 konur. Greind voru 8 meginþemu ásamt fjölda undirþema. Umönnun og stuðning fengu konurnar helst frá nærfjölskyldu. Fæðingarstaður var talinn öruggur ef hátækni væri til staðar með reyndu og hæfu starfsfólki sem og að samgöngur væru góðar til og frá fæðingarstað. Tillögur að bættari þjónustu felast í að bæta samskipt og upplýs-

ingafláði milli fagfólks, tryggja fræðslu um hvað væri í boði og hvernig væri best staðið að ferðalagi á fæðingarstað. Stemma stigu við og/eða auka fjölda minni fæðingarstaða, bæta samgöngur að stærri fæðingarstöðum og að bjóða upp á heimafræðingar og heimaþjónustu í heimabyggð.

Fæðingarheimili: valkostur fyrir konur?

*Höfundur: Erla Rún Sigurjónsdóttir
Leiðbeinandi: Dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir*

Frá því að Fæðingarheimili Reykjavíkur var lagt niður árið 1995 hefur íslenskum konum ekki boðist að fæða á sjálfstætt starfandi fæðingarheimili. Fæðingarheimili hafa þó marga kosti fyrir konur í barneignarferli hvort sem um er að ræða frístandandi einingar eða fæðingarheimili sem tengjast sjúkrahúsum á einn eða annan hátt. Markmið þessarar ritgerðar er meðal annars að gera grein fyrir meðferð, útkomu fæðinga og ánægju með þjónustu á ljósmæðrastýrðum fæðingarheimilum. Konur eiga rétt á að hafa val um fæðingarstað og mörgum þeirra finnst fæðingarheimili fýsilegur kostur. Ánægja kvenna með þjónustu fæðingarheimila sem byggja á ljósmóðurfræðilegri nálgun er einnig mikil. Fæði konur á fæðingarheimilum nýta þær frekar náttúrulegar leiðir til verkjastillingar og fá síður sterk verkjalyf og mænurót-ardeyfangi. Meiri líkur eru á eðlilegum fæðingum en áhaldafæðingar og keisaraskuðir eru færri. Börn sem fæðast á fæðingarheimilum eru frekar brjóstfædd en börn kvenna í áhættulitlum fæðingum á sjúkrahúsum. Engin rök eru fyrir því að konum ætti ekki að bjóðast þessi valkostur í barneignarferlinu.



Þórunn tilbúin að svara fyrirspurnum.



Hildur Aðalheiður í jógaumfjöllun.

“Þetta er ekki hættulegt” Viðhorf og reynsla kvenna sem fæða fjarri hátækni

*Höfundur: Arney Þórarinsdóttir og
Hrafnhildur Halldórsdóttir
Leiðbeinandi: Dr. Ólöf Ásta Ólafsdóttir*

Tilgangur þessarar rannsóknar var að kanna viðhorf og reynslu kvenna af fæðingum fjarri hátækni. Á undanförunum árum hefur fæðingarstöðum á landsbyggðinni verið að fækka. Umræða þessu tengd hefur að mestu snúist um öryggi í fæðingu sem gjarnan hefur verið tengd við hátækni. Því er mikilvægt að varpa ljósi á, í hverju konur sem fæða fjarri hátækni finna öryggi. Stuðst var við eiginlega aðferðarfræði og var úrtak þægindaúrtak. Tekin voru hálfstöðluð viðtöl við 7 konur sem fætt höfðu barn/börn á síðastlinum fimm árum á Höfn í Hornafriði. Við greiningu viðtalana var lögð áhersla á að lýsa innihaldi þeirra. Niðurstöðum var skipt í fjögur megin þemu sem endurspegluðu efnisþætti viðtalanna: 1) Sjálfsögð grunnþjónusta „svo við getum verið hér“ 2) „Frábær reynsla“ 3) Fær og örugg ljósmóðir 4) Ákvörðunin „þetta er ekki hættulegt“ Niðurstæða rannsóknarinnar er í stuttu máli sú að konurnar í rannsókninni telja að fæðing sé eðlilegasti hlutur í heimi. Þær telja sér og sínum best borgið í ljósmæðraþjónustu í sinni heimabyggð, hjá ljósmóður sem þær treysta, í samfélagi sem þær þekkja, nálægt fjölskyldum sínum. Þær upplifa sig öruggar í sínu samfélagi og eðlileg fæðing fjarri hátækni er fyrir augum kvennanna ekki hættuleg.

Heyra ljósmæður raddir heyrnarlausra kvenna? Reynsla heyrnarlausra kvenna af barneignarferlinu.

*Höfundur: Harpa Ósk Valgeirsdóttir
Leiðbeinandi: Helga Gottfreðsdóttir*

Tilgangur þessarar rannsóknar var að þróa viðtalsramma fyrir upplýsingaöflun um reynslu heyrnarlausra kvenna af meðgöngu, fæðingu og sængurlegu og að skyggjast inn í hugarheim heyrnarlausra kvenna og skoða samband þeirra við ljósmæður. Tekin voru djúpvíðtöl við 3 heyrnarlausar konur ásamt því að taka saman fræðilega úttekt á rannsóknum. Niðurstöður rannsóknarinnar sýna að aðgangur heyrnarlausra kvenna að heilbrigðiskerfinu er takmarkaður. Annars vegar vegna hindrana í kerfinu og viðmóti starfsfólks, og hins vegar vegna samkiptaörðugleika. Hjá heyrnarlausum konum felst öryggi helst í árangursríkum samskiptum, góðri fræðslu og tálkaþjónustu. Það eykur öryggistilfinningu að þekkja ljósmóðurina og hafa aðgang að henni með SMS, MSN eða tölvupósti. Ljósmæður þurfa að þekkja bakgrunn heyrnarlausra og virða táknmál sem þeirra móðurmál til að efla sjálföryggi þeirra og stuðla að ánægjulegri upplifun. Aðferðir eins og að skrifa á miða, treysta á varalestur eða nota fjölskyldumeðlimi sem staðgengla túlka eru óásættanlegar. Nauðsynlegt er að auka notkun túlka hjá inniliggjandi konum, ekki bara fyrir fæðingu og útskriftarfræðslu.

Stjórn og nefndir Ljósmaðrafélags Íslands 2009-2010

Stjórn:

Formaður: Guðlaug Einarsdóttir, s. 861 6855,
formadur@ljósmaedrafelag.is
Varaformaður: Helga Sigurðardóttir, s. 698 6496,
hes7@hi.is
Ritari: Steinunn Blöndal, s. 898 4938,
steinablondal@hotmail.com
Vararitari: Jóhanna Skúladóttir, s. 897 1335,
johskuladottir@simnet.is
Gjaldkeri: Sigrún Valdimarsdóttir, s. 862 5147,
sevljosmodir@hotmail.com
Varagjaldkeri: Árdís Kjartansdóttir, s. 864 1316,
ardisljosa@gmail.com
Meðstjórnandi: Sigrún Kristjánsdóttir, s. 864 4748,
sigrun@kjoris.is
Aðaltrúnaðarmaður: Guðrún Pálsdóttir s. 567 1322,
gup1@hi.is

Ritnefnd:

Ritstjóri: Bergrún Svava Jónsdóttir, s. 696 0888,
bergrunjons@hotmail.com
Valgerður Lía Sigurðardóttir, s. 695 6606,
valgerds@landspitali.is
Hrafnhildur Ólafsdóttir, s. 846 1576, hrafno@internet.is
Ólöf Ásta Ólafsdóttir, s. 863 4623, olofol@hi.is
Helga Gottfreðsdóttir, s. 663 2968, helgagot@hi.is
Sigfríður Inga Karlsdóttir, s. 899 9803, inga@unak.is

Kjaranefnd:

Formaður: Bára Hildur Jóhannsdóttir, s. 6952490,
barahj@simnet.is
Ósk Geirsdóttir, s. 691 0632, oskgeirs@internet.is
Árný Anna Svavarsdóttir, s. 695 1261, arnyanna@gmail.is
Karítas Ívarsdóttir, karitas.ivarsdottir@mm.hg.is
Ragnheiður Bachmann, s. 691 0417,
ragnheidur.bachmann@mm.hg.is
Formaður LMFÍ
Meðstjórnandi LMFÍ

Fræðslu- og endurmenntunarnefnd:

Formaður: Steina Þórey Ragnarsdóttir, s. 896 4020,
steinathorey@hotmail.com
Ingibjörg F. Sigurðardóttir, s. 694 7262, gisligisla@mitt.is
María Haraldsdóttir, s. 868 5407, mariaharalds@gmail.com

Ástþóra Kristinsdóttir, s. 821 2301,
asttora.kristinsdottir@hgkop.is
Sigrún Valdimarsdóttir, s. 862 5147,
sevljosmodir@hotmail.com

Sjóðanefnd:

Anna Sigríður Vernharðsdóttir, annasigga@hotmail.com
Margrét Bjarnadóttir, s. 692 6901 maggabjarna@simnet.is
Ólöf Ásta Ólafsdóttir, s. 863 4623, olofol@hi.is
Formaður LMFÍ
Gjaldkeri LMFÍ

Kjörnefnd:

Formaður: Þórdís Klara Ágústsdóttir, s. 695 9059,
disaklara@hotmail.com
Anna Harðardóttir, s. 860 5568,
annahardardottir@hotmail.com
Helga Sóley Torfadóttir, s.860 1967

Siðanefnd:

Formaður: Gróa Margrét Jónsdóttir, s. 864 9240,
groamarg@landspitali.is
Ingibjörg Eiríksdóttir, s. 698 8610,
ingibjorg.eiriksdottir@grvog.hr.is
Helga Harðardóttir, s. 694 3518,
helga.hardardottir@hgkop.is

Fulltrúar á BHM fundum:

Formaður LMFÍ
Formaður kjaranefndar
Auk tveggja fulltrúa á aðalfund BHM

Fulltrúi á NJF:

Fulltrúi úr stjórn
Varafulltrúi: Hildur Kristjánsdóttir, s. 557 1591,
hildurk@landlaeknir.is

Fulltrúi á ICM:

Fulltrúi sem stjórn tilnefnir

Fulltrúar LMFÍ í samtökum heilbrigðisstétta:

Formaður LMFÍ
Tveir fulltrúar sem stjórn velur

Að láta draumana rætast

Þegar ég kom til Íslands frá Póllandi árið 1998 var ég búin að mennta mig sem ljósmóðir og vinna sem slík í átta mánuði á litlu sjúkrahúsi í heimabæ mínum, Sieraków. Ljósmaðurnar þar skiptust á að vinna á öllum deildum spítalans; fæðingardeild, sængurlegudeild, meðgöngudeild og kvenlækningadeild.

Á þessum tíma var erfitt að fá vinnu í Póllandi og samkeppnin milli ungs fólks í heilbrigðiskerfinu var mikil. Þrátt fyrir að ég væri búin að mennta mig og komin í ágæta stöðu ákvað ég að breyta til skoða mig aðeins um í heiminum og barst að lokum hingað til Íslands. Ég var ekki búin að vera lengi hér þegar ég kynntist manninum mínum og þá var útlit fyrir að ég myndi ílengjast hér. Ég réðst því í það að reyna að fá menntun mína viðurkennda hér en það reyndist löng og ströng ganga, þyrnum stráð.

Íslensku- og enskukunnátta mín á þessum tíma var takmörkuð og gerði mér baráttuna enn erfiðari en ella. Ég held að það hafi ráðið miklu um það að árangurinn varð minni en erfiðið.

Allir tóku mér vel, hvar sem ég bar upp erindi mitt, í Heilbrigðisráðuneytinu og Háskóla Íslands og vildu mér vel en enginn gat svarað mér beint um það hvað þyrfti til að ég fengi réttindin og starfsleyfi hér. Flestir sögðu eitthvað á þá leið að þetta hlyti bara að ganga og létu eins og þetta væri nánast bara formsatriði að ganga frá þessu. Það væri vöntun á starfsfólki í heilbrigðisþjónustunni, ég hefði fengið góðar einkunnir í skólanum og hefði reynslu. Þó leið og beið og ég fékk misvísandi svör. Ég var send fram og til baka og látin útvega hin og þessi gögn.

Það var erfitt fyrir mig að fá ekki afdráttarlaus svör um hvað ég þyrfti að gera til að fá réttindi og oft var ég við það að gefast upp. Starfsfólk í Háskólanum vildi vel en var samt ráðvillt vegna þess að það hafði aldrei áður þurft að leysa svona mál.

Að lokum var þó kveðið upp um það að starfsréttindi fengi ég ekki hér á landi. Námið í Póllandi var ekki á



Patrycja Wodowska
sjúkraliði, hjúkrunarfræðingur
og ljósmóðir

háskólastigi heldur aðeins á framhaldskólastigi rétt eins og var hérlandis áður en fyrirkomulagi var breytt og gerð var krafa um hjúkrunarnám til undirbúnings að ljósmóðurfræði. Starfandi ljósmæður hér héldu sínum réttindum þó kröfur væru auknar en þó ég hefði starfað í mínu heimalandi skyldi ég taka námið upp á nýtt!

Mitt stolt yfir því að vera pólsk ljósmóðir hafði verið brotið niður. Ég vildi vinna í mínu starfi sem mér finnst skemmtilegasta og mest gefandi starf í heimi. Ég hafði menntað mig til þessa starfs og taldi mig fullfæra um að sinna því.

Ég fór fram á það að fá réttindi sem sjúkraliði en fékk einnig synjun á það. Ég held að það hafi verið stór misskilningur að ég fékk ekki sjúkraliðaréttindi strax. Þetta mótlæti hafði mikil áhrif á mig og ég fór að efast um hæfileika mína sem ljósmóðir. Það kostaði mig margar andvökunætur og mörg tár.

Mér finnst mjög gaman að vinna með fólki og fyrir fólki. Ég byrjaði að vinna sem gangastúlka á elliheimili og hef lært mikið af eldra fólki. Ég fór í kvöldskóla Fjölbautarskólans í Breiðholti til að bæta við mig því sem Sjúkraliðafélagið sagði að mig vantaði til að öðlast rétt-

indi. Mér gekk mjög vel í sjúkraliðanáminu og ég fékk mikla hvatningu frá kennurum þar um að ég færi í hjúkrunarnám og að mér væru allir vegir færir.

Að loknu sjúkraliðaprófinu hóf ég nám í hjúkrunarfræði við HÍ árið 2001 og útskrifaðist þaðan 2005. Nú var ég komin mjög nálægt upphaflegu markmiði mínu að geta starfað sem ljósmóðir á Íslandi. Níu ár voru liðin síðan ég fékk ljósmæðrapróf í Póllandi. Ég fékk nokkur fög metin en þurfti að bæta við mig hluta af ljósmæðranáminu hér og tók loks embættispróf til að fá ljósmæðraréttindi árið 2007.

Námið í hjúkrunarfræði var mjög krefjandi en skemmtilegt. Að sjálfsögðu lærði ég margt nýtt og er þakklát fyrir þá góðu menntun sem ég fékk í Háskólanum. Ég kynntist mörgum frábærum konum í þessu námi sem hafa stutt mig og nú í dag eru nokkrar af þeim útskrifaðar úr ljósmóðurnámi einnig.

Í dag starfa ég á Landspítalanum meðal frábærra ljósmæðra og er mjög stolt af því að vera hluti af þessum sterka hópi. Ég hef fengið mikla hvatningu frá samstarfsfólki mínu sem er mér mjög dýrmætt. Ljósmæður hér á Íslandi er mjög öflugur hópur og mér finnst þær vera fulltrúar allra kvenna á Íslandi.

Þessi barátta mín til að öðlast ljósmæðraréttindi á Íslandi var mér ekki auðveld en samt hefur hún gefið mér styrk, meira sjálfstraust og tækifæri til að kynnast mörgu skemmtilegu fólki. Nú þegar liðin eru næstum tvö ár síðan ég fékk ljósmæðraréttindi horfi ég um öxl og sé að ég hef notað og ætla að nota þessa reynslu til að þroskast meira og horfa fram á veginn.

Síðan ég útskrifaðist úr ljósmæðranáminu hef ég haft nóg að gera. Innflytjendum af pólskum uppruna hefur fjölgað mikið á síðustu árum. Eins og er eru þeir fjölmennasti hópur útlendinga á Íslandi. Þetta er yfirleitt ungt fólk á barneignaaldri sem er að stofna fjölskyldur. Þörfin fyrir pólskumælandi ljósmóður er mikil. Vaxandi þáttur í

starfi mínu á spítalanum hefur verið umönnun samlanda minna. Ég hef samið fræðsluefni fyrir verðandi foreldra sem gefið hefur verið út á netinu (ljósmodir.is).

Sumarið 2007, stuttu eftir að ég fékk ljósmóðurréttindin byrjaði ég að halda foreldrafræðslunámskeið á pólsku sem er á vegum Miðstöðvar mæðraverndar. Þessi námskeið hafa verið mjög vel sótt og verða æ vinsælli. Fólkið sem hefur verið á þessum námskeiðum hefur sagt að það hafi hjálpað þeim mikið í undirbúningi fyrir fæðingu barna þeirra.

Ég hef tekið eftir því að það er menningarmunur í því t.d. hversu mikinn þátt verðandi feður taka í fæðingu. Mér finnst íslenskir karlmenn taka virkari þátt en pólskir í undirbúningi fæðinga, fæðingunum sjálfum og í umönnun

barna. Það stafar að mínu mati af mismunandi uppeldisaðferðum en ekki af því að pólskir karlmenn vilji ekki taka þátt í því. Mér finnst þeir ekki vera eins vel upplýstir um þetta og ekki er nein hefð til staðar. Þeir þurfa meiri hvatningu, viðurkenningu og hrós viðkomandi þessu.

Einnig finnst mér íslenskar konur miklu ákveðnari og betur upplýstar um réttindi sín en pólskar konur. Það getur náttúrulega stafað af tungumálaerfiðleikum og óvissu sem veldur svo kvíða fyrir því óþekktu en einnig er það hluti af því að íslenskar konur eru sjálfstæðari og hafa meiri trú á sér sem er hluti af uppeldinu.

Nú er ég búin að vera á Íslandi í 11 ár og hef lært margt af íslenskum konum og ljósmæðrum, meðal annars það að

vera sjálfstæðari og það að geta hvatt, styrkt og hrósað fyrir það sem fólk gerir vel. Ég nota það mikið í mínu starfi og ekki síður þegar ég vinn með pólskum fjölskyldum, hvort sem er í foreldrafræðslu, í fæðingu eða í sængurlegu.

Síðasta haust stóð ég á Austurvelli þar sem íslenskar konur mótmæltu fyrir framan Alþingi og kröfðust þess að ljósmæður fengju vinnu sína metna að verðleikum. Þær hrópuðu: Áfram ljósmæður! Áfram ljósmæður! Þá var ég mjög snortin og sá tár í augum margra ljósmæðra sem þar voru viðstaddar.

Í dag er ég ánægð með að hafa látið drauma mína rætast og mjög stolt af því að vera í þessum sterka hópi ljósmæðra.

Lausnarsteinar: Ljósmóðurfræði og Ljósmóðurlist

Í tilefni af 90 ára afmæli Ljósmæðrafélags Íslands, í samvinnu við Hjúkrunarfræðideild Háskóla Íslands, gaf félagið nýlega út bókina Lausnarsteinar: Ljósmóðurfræði og Ljósmóðurlist.

Við sem störfuðum í ritnefnd bókarinnar vorum sammála um að vinnan við útgáfu hennar hafi verið mjög lærdómsrík og gefandi. Í raun gátum við allar litið á vinnuferlið eins og meðgöngu. Í upphafi ferlisins kom upp óvissa um hvernig þetta gengi allt saman hjá okkur, síðan kom ljúft tímabil meðan allt lék í lyndi og í lokin stuttu fyrir útgáfuna kom vinnutörn sem reyndi á okkur allar. Við vorum líka sammála um að þetta hefði verið afskaplega ljúf meðganga þar sem samvinnan gekk vel og auðvitað vorum við mjög ánægðar með útkomuna. Einhverri okkar varð meira að segja á orði þegar hún fékk bókina í hendurnar að þetta væri nú svolítið eins og að halda stolt á barninu sínu.

Bókin er ritrýnd fræðibók og í henni eru 13 kaflar sem 17 höfundar skrifa. Ýmist eru kaflar bókarinnar fræðilegt yfirlit yfir tiltekin viðfangsefni ljósmóðurfræðinnar eða lýsing á rannsóknum



Ritnefnd bókarinnar. Bergrún S. Jónsdóttir, Ólöf Ásta Ólafsdóttir, Helga Gottfreðsdóttir, Sigfríður Inga Karlsdóttir og Steinunn Blöndal.

ljósmæðra sem unnar hafa verið á síðustu árum. Bókinni er einnig ætlað að minna á arf fortíðarinnar og hvernig ljósmæður nútímans sækja til hans leynt og ljóst. Viðtöl eru við fimm heiðursfélaga Ljósmæðrafélagsins sem allar áttu ómældan þátt í að efla veg og virð-

ingu stéttarinnar á liðinni öld.

Við vonum að ljósmæður og aðrir sem lesa bókina hafi bæði gagn og gaman af lestri hennar, jafnframt því að vera hvatning til ljósmæðra til að skrifa í framtíðinni.

SÉREIGN
LSR



séreign á traustum grunni

SÉREIGN Á VERÐTRYGGÐUM INNLÁNSREIKNINGI

Séreign LSR tekur við frjálsum viðbótarlífeyrissparnaði sjóðfélaga. Boðið er upp á þrjár ólíkar fjárfestingarleiðir, þar af tvær sem fjárfesta í verðbréfum: leið I og leið II.

Leið III ávaxtar séreignarsparnaðinn eingöngu á verðtryggðum innlánsreikningum. Reikningarnir bera bestu fáanlegu vexti hverju sinni og eru að fullu tryggðir af ríkissjóði samkvæmt yfirlýsingu ríkisstjórnar Íslands frá október 2008.

Kostir séreignarsparnaðar eru ótvíræðir. Launagreiðandi greiðir kjarasamningsbundið mótframlag sem nemur allt að 2% af heildarlaunum. Skattalegt hagræði myndast þar sem iðgjald er ekki skattlagt við innborgun. Ekki er greiddur fjármagnstekjuskattur af séreignarsparnaði og sparnaðurinn skerðir hvorki barna- né vaxtabætur.

KYNNTU ÞÉR SÉREIGN LSR Í SÍMA: 510 6100